



MISKABÆTUR VEGNA KYNFERÐISBROTA GEGN BÖRNUM

Snædís Ósk Sigurjónsdóttir

2012

BA í lögfræði

Höfundur: Snædís Ósk Sigurjónsdóttir

Kennitala: 290688-4269

Leiðbeinandi: Svala Ísfeld Ólafsdóttir

Lagadeild

School of Law

Útdráttur

Markmið þessarar ritgerðar er að skoða dóma Hæstaréttar, frá 1. febrúar 2002 til 1. febrúar 2012, í málum þar sem börn hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi og kanna hversu háar miskabætur þau fá dæmdar. Skoðað var hvort bæturnar hafi hækkað á rannsóknartímabilinu í samræmi við þyngri refsingar í umræddum málaflokki. Einnig voru miskabótakröfur þolenda skoðaðar sérstaklega, bæði hversu háar þær voru og hvernig þær voru rökstuddar.

Rannsóknin leiddi í ljós að nær undantekningarlaust var farið fram á miskabætur fyrir hönd barns sem varð fyrir kynferðisofbeldi. Hæstiréttur féllst nánast alltaf á greiðslu bóta en dæmdar bætur eru yfirleitt töluvert lægri en framlögð krafa. Aðeins 60% krafanna voru studdar sérfræðigögnum um afleiðingar brota á þolanda en aðrar kröfur voru aðeins rökstuddar með almennri vitneskju um skaðsemi þessara brota. Sérfræðigögn voru frekar lögð fram í alvarlegri málunum en niðurstöður rannsóknarinnar sýna að bæði framlagðar kröfur og dæmdar bætur eru hærrí þegar vinna hefur verið lögð í að meta afleiðingar brots. Rannsóknin leiddi ekki í ljós marktæka hækkun dæmdra miskabóta á rannsóknartímabilinu.

Þá er einnig farið ítarlega yfir löggjöfina í umræddum málaflokki, réttarstöðu brotþola og þær reglur sem gilda um greiðslu miskabóta til þolenda afbrota. Að lokum er bent á það sem betur mætti fara í málsmeðferðinni.

Abstract

The purpose of this thesis is to review rulings of the Supreme Court of Iceland, from February 1st 2002 to February 1st 2012, in cases where children have been sexually abused and explore the amount of non-pecuniary damages they received. A study was done on whether the compensations increased during this period in accordance with more severe punishments in these kinds of cases. Special attention was paid to the victims' claims, how high they were and how they were supported.

The study revealed that, nearly without exception, non-pecuniary damages were requested on behalf of the children who had been sexually abused. The Supreme Court almost always agreed on compensations to the victims but the amount was usually significantly lower than their claims. Only 60% of the claims were supported by expert opinion on the consequences of the abuse on the victim. Other claims were only supported by general knowledge about the harmfulness of such abuse. Expert opinion tended to be submitted in more severe cases but the research showed that both the claims and the compensations awarded to victims were higher when work had been put into evaluating the consequences of the abuse. The study did not reveal a significant increase of compensations awarded to victims during the period.

The legislation in this field, the legal status of these victims and the rules that apply to payment of non-pecuniary damages to the victims are also reviewed in detail. The final analysis is that improvements can be made to court procedures.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA prófs í lögfræði við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Leiðbeinandi minn var Svala Ísfeld Ólafsdóttir, sérfræðingur í refsirétti og afbrotafræði og kann ég henni bestu þakkir fyrir góða leiðsögn, holl ráð og ekki síst fyrir að bregðast ætíð skjótt við þegar ég þurfti á aðstoð hennar að halda. Ég vil jafnframt þakka öðrum sem veittu mér liðsinni, einkum Davíð Steini Davíðssyni fyrir aðstoð við útreikninga. Að lokum vil ég sérstaklega þakka Margréti Steinunni Thorarensen og Erling Ingvasyni fyrir yfirlestur og Ívari Erni Erlingssyni fyrir ómetanlegan stuðning, leiðsögn og aðra veitta aðstoð.

Efnisyfirlit

Dómaskrá	I
Lagaskrá	II
Myndaskrá	IV
Töfluskra.....	IV
1. Inngangur	1
2. Kynferðisbrot gegn börnum.....	3
2.1 Almennt	3
2.2 Löggjöfin	3
2.2.1 200. gr. hgl.	5
2.2.2 201. gr. hgl.	6
2.3.3 202. gr. hgl.	7
2.3.4 Önnur ákvæði hgl.	8
2.3.5 Ákvæði barnaverndarlaga	9
3. Skilgreining hugtaka	10
3.1 Miski	10
3.2 Miskabætur	10
3.3 Miskabótakrafa	13
3.4 Afleiðingar kynferðisbrota á börn	14
4. Réttargæslumaður	16
4.1 Réttarstaða brotaþola	17
4.2 Hlutverk réttargæslumanns	18
4.3 Þóknun réttargæslumanns	20
5. Rannsókn á miskabótum fyrir kynferðisbrot gegn börnum.....	22
5.1 Rannsóknargögn og rannsóknaraðferð	22

5.2 Krafa um miskabætur	23
5.2.1 Er alltaf lögð fram krafa um miskabætur?.....	23
5.2.2 Er alltaf fallist á greiðslu miskabóta?.....	24
5.2.3 Hversu háar bætur eru dæmdar miðað við framlagða kröfu?	26
5.3 Sérfræðigögn	27
5.3.1 Hvernig er sýnt fram á miska brotapolu?	28
5.3.2 Eru frekar lögð fram sérfræðigögn í alvarlegri málum?	29
5.3.3 Eru bætur frekar dæmdar í málum þar sem sérfræðigögn liggja fyrir?	32
5.3.4 Eru framlagðar kröfur hærrí þegar lögð hefur verið vinna í að meta afleiðingar?	33
5.3.5 Eru dæmdar bætur hærrí þegar sérfræðigögn eru lögð fram?	33
5.4. Refsingar við kynferðisbrotum gegn börnum	34
5.4.1 Þróun miskabóta.....	36
5.5 Helstu niðurstöður rannsókna	37
6. Greiðsla ríkissjóðs á bótum til þolenda kynferðisbrota	38
6.1 Lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995.....	39
6.2 Lög um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007, nr. 47/2010.....	41
6.3. Samantekt	43
7. Niðurstöður.....	44
Viðauki	46
Heimildaskrá	49

Dómaskrá

Hrd. 9. júní 1961 í máli nr. 82/1961

Hrd. 9. nóvember 2000 í máli nr. 290/2000

Hrd. 21. febrúar 2002 í máli nr. 11/2001

Hrd. 13. febrúar 2003 í máli nr. 394/2002

Hrd. 6. mars 2003 í máli nr. 511/2002

Hrd. 6. maí 2003 í máli nr. 475/2003

Hrd. 26. febrúar 2004 í máli nr. 464/2003

Hrd. 25. mars 2004 í máli nr. 463/2003

Hrd. 7. október 2004 í máli nr. 150/2004

Hrd. 10. febrúar 2005 í máli nr. 354/2004

Hrd. 20. október 2005 í máli nr. 148/2005

Hrd. 26. janúar 2006 í máli nr. 284/2005

Hrd. 26. október 2006 í máli nr. 220/2006

Hrd. 24. maí 2007 í máli nr. 36/2007

Hrd. 1. nóvember 2007 í máli nr. 287/2007

Hrd. 23. apríl 2008 í máli nr. 658/2007

Hrd. 11. desember 2008 í máli nr. 229/2008

Hrd. 22. janúar 2009 í máli nr. 527/2008

Hrd. 19. febrúar 2009 í máli nr. 569/2008

Hrd. 28. maí 2009 í máli nr. 58/2009

Hrd. 17. september 2009 í máli nr. 19/2009

Hrd. 15. október 2009 í máli nr. 676/2008

Hrd. 12. nóvember 2009 í máli nr. 176/2009

Hrd. 26. nóvember 2009 í máli nr. 358/2009

Hrd. 27. maí 2010 í máli nr. 42/2010

Hrd. 19. janúar 2012 í máli nr. 562/2011

Lagaskrá

Íslensk lög

Almenn hegningarlög, nr. 19/1940

Barnaverndarlög, nr. 80/2002

Hjúskaparlög, nr. 31/1993.

Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot), nr. 61/2007

Lög um breyting á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993, sbr. lög nr. 42 13. maí 1996, nr. 37/1999

Lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008

Lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991

Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008

Lög um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007, nr. 47/2010

Lög um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, nr. 26/2007

Lögræðislög, nr. 71/1997

Skaðabótalög, nr. 50/1993

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944

Reglugerðir

Reglugerð um tímagjald við ákvörðun þóknunar til verjenda og réttargæslumanna, nr. 715/2009

Alþjóðlegir sáttmálar

Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (samþykktur 16. desember 1966, tók gildi 23. mars 1976) Stjtíð. C, 10/1979

Mannréttindasáttmáli Evrópu (samþykktur 4. nóvember 1950, tók gildi 30. maí 2004) Stjtíð. C, 62/1994

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (samþykktur 20. nóvember 1989, tók gildi 27. nóvember 1992) Stjtíð. C, 18/1992

Myndaskrá

Mynd 1 Var lögð fram krafa um miskabætur?.....	23
Mynd 2 Féllst Hæstiréttur á greiðslu miskabóta?.....	24
Mynd 3 Hversu háar bætur eru dæmdar miðað við framlagða kröfu?.....	26
Mynd 4 Hvernig var sýnt fram á miska brotþola?	28
Mynd 5 Fyrsta alvarleikastig - Hvernig var sýnt fram á miska brotþola?	30
Mynd 6 Annað alvarleikastig - Hvernig var sýnt fram á miska brotþola?.....	31
Mynd 7 Þriðja alvarleikastig - Hvernig var sýnt fram á miska brotþola?.....	31
Mynd 8 Framlagðar kröfur.....	33
Mynd 9 Dæmdar bætur	33
Mynd 10 Þróun miskabóta 2002-2012	37

Töfluskrá

Tafla 1 Fjöldi barna í hverju dómsmáli.....	22
Tafla 2 Alvarleikastig brota.....	30

1. Inngangur

Ég man eftir þabba mínum með höndina ofan í nærbuxunum mínum þar sem ég sat fyrir framan sjónvarpið á milli hans og systra minna. Ég þorði ekki að hreyfa mig og dauðskammaðist mín fyrir það að hann skyldi vera að þessu þegar systur mínar gátu séð til. Auk þess óttaðist ég að mamma kæmi að okkur. Hún yrði svo leið.¹

Á augnabliki er hægt að leggja líf barns í rúst. Börn eiga rétt á skilyrðislausri ást, vernd og öryggi. Það er á ábyrgð þeirra sem eldri eru að huga að þessum viðkvæmu sálum og fylgjast með þeim dafna og verða fullvaxta. Því miður gerist það of oft að barn er rænt sakleysi sínu og bernsku.

Kynferðisbrot gegn börnum hafa verið þöggðuð niður til fjölda ára en á síðustu árum hefur orðið eins konar vitundarvakning. Opinber umræða hefur aukist og menn eru meðvitaðri um afleiðingar þessara brota á þolendur. Í kjölfar rannsókna á áhrifum kynferðisbrota á brotþola má segja að það sé viðurkennd staðreynd að börn, jafnt sem fullorðnir, sem beitt eru kynferðisofbeldi verða fyrir miska vegna þessara brota. Er á einhvern hátt hægt að bæta fórnarlömbum þennan miska? Hæstiréttur hefur ítrekað sagt í niðurstöðum sínum að kynferðisbrot séu til þess fallin að hafa í för með sér miska sem eigi að leiða af sér greiðslu miskabóta. Þá hefur því verið haldið fram að það sé dómvenja hér á landi að fórnarlömbum kynferðisbrota séu dæmdar miskabætur jafnvel þótt ekki séu lögð fram sérstök gögn um miska brotþola.² Þótt miskabætur lækni hvorki sár né bæti það tjón sem fórnarlamb verður fyrir verður að telja að í þeim felist ákveðin huggun. Líta má á þær sem eins konar viðurkenningu á því að brotþoli hafi orðið fyrir tjóni þrátt fyrir að það verði ekki metið til fjár.

Markmið þessarar ritgerðar er að skoða dóma Hæstaréttar, frá 1. febrúar 2002 til 1. febrúar 2012, í málum þar sem börn hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi og kanna hversu háar miskabætur þau fá dæmdar. Annars vegar verður athugað hversu háar miskabótakröfur eru settar fram og hins vegar hve háar bætur eru dæmdar. Þá verður skoðað hvort og þá hversu mikið bæturnar hafa hækkað á síðasta áratug. Einnig verður kannað hversu mikla vinnu réttargæslumenn leggja í að sýna fram á afleiðingar brotanna

¹ Gerður Kristný, *Myndin af þabba: saga Thelmu* (2. útg., Vaka-Helgafell 2007) 40.

² Ása Ólafsdóttir, „Kynferðisbrot og ákvörðun miskabóta“ í Eyvindur G. Gunnarsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VII* (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands 2006) 13.

fyrir brotþola og hvort dæmdar bætur séu hærri í þeim málum þar sem sérfræðigögn um þessar afleiðingar hafa verið lögð fram.

Efnistöð verða eftirfarandi:

Í *öðrum kafla* er í stuttu máli fjallað almennt um kynferðisbrot gegn börnum og farið ítarlega yfir löggjöfina í þessum málaflokki. Ísland er skuldbundið að þjóðarétti til að vernda börn fyrir hvers kyns ofbeldi, þar á meðal kynferðislegu ofbeldi. Með það að leiðarljósi hefur löggjafinn sett lagaákvæði sem tryggja börnum sérstaka vernd og verður farið yfir þau, ásamt öðrum ákvæðum sem eiga ekki sérstaklega við um börn en veita þeim þó ákveðna vernd.

Í *þriðja kafla* er leitað í smiðju fræðimanna um skilgreiningar á helstu hugtökum sem tengjast efni ritgerðarinnar. Skilgreind verða hugtökin: miski, miskabætur og miskabótakrafa og farið yfir afleiðingar kynferðisbrota á börn. Þá verður einnig farið yfir helstu lagaákvæðin sem á reynir í framkvæmd varðandi þessi hugtök.

Í *fjórða kafla* er umfjöllun um réttarstöðu brotþola í umræddum málaflokki. Farið er yfir reglur um skipun og hlutverk réttargæslumanns, sem og réttindi hans og skyldur. Einnig verður fjallað um þóknun réttargæslumanns, fyrirkomulag greiðslu þóknunar og fjárhæð hennar.

Í *fimmta kafla* er gerð grein fyrir rannsókn höfundar á dómum Hæstaréttar sem kveðnir voru upp í kynferðisbrotamálum gegn börnum frá 1. febrúar 2002 til 1. febrúar 2010. Skoðaðir voru dómur þar sem hinn ákærði var sakfelldur með áherslu á fjárhæð miskabótakröfu og dæmdra bóta, sem og þau gögn sem lögð voru fram til þess að sýna fram á miska brotþola. Sagt er frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar og þýðingu þeirra.

Í *sjötta kafla* er farið yfir þær reglur sem gilda um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda kynferðisbrota.

Í *sjöunda kafla* eru megin niðurstöður ritgerðarinnar dregnar saman og leitast við að draga ályktanir af umfjölluninni.

2. Kynferðisbrot gegn börnum

2.1 Almennt

Rétturinn til friðhelgi einkalífs er varinn af 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjórnarskráin) en þessi réttur er jafnframt varinn í þeim alþjóðlegu samningum sem Ísland er skuldbundið af. Má þar nefna Mannréttindasáttmála Evrópu (samþykktur 4. nóvember 1950, tók gildi 30. maí 2004) Stjtíð. C, 62/1994 og alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnámálaleg réttindi (samþykktur 16. desember 1966, tók gildi 23. mars 1976) Stjtíð. C, 10/1979.³ Í friðhelginni felast ein mikilvægustu réttindi hvers einstaklings en hún nær yfir heimili, fjölskyldu, persónulega hagi manns og rétt til að ráða yfir eigin líkama og sálarlífi, þar með talið rétt til kynfrelsis. Þessi réttindi verða ekki skert nema að uppfylltum ströngum skilyrðum.⁴

Kynferðisofbeldi getur verið margvíslegt. Slík brot eiga það sameiginlegt að kynferðislegum athöfnum er beitt gegn vilja þess sem fyrir þeim verður svo brotaþoli hlýtur skaða af. Ofbeldismennirnir eru í flestum tilvikum karlmenn og oftast verða konur og börn fyrir þessum brotum.⁵ Aðeins verður fjallað um kynferðisbrot sem beinast að börnum í þessari ritgerð.

Kynferðisbrot eru misalvarleg og getur hin brotlega athöfn verið allt frá káfi eða þukli að innþrengingum í líkama barns. Þá þarf kynferðislegt ofbeldi ekki alltaf að fela í sér beina snertingu þar sem kynferðislegt tal, sýni- og gægjuhneigð, að sýna barni klámfengið efni og að fróa sér að barni ásjáandi eru dæmi um brot sem fela ekki í sér beina snertingu.⁶

2.2 Löggjöfin

Í löggjöf okkar er víða að finna lagaákvæði sem tryggja börnum vernd gegn kynferðislegu ofbeldi með einum eða öðrum hætti. Slík ákvæði er bæði að finna í þjóðréttarsamningum og íslenskum lögum. Samkvæmt 19. og 34. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (samþykktur 20. nóvember 1989, tók gildi 27. nóvember 1992) Stjtíð. C, 18/1992

³ sama heimild 11.

⁴ Atli Gíslason og Jóhanna Katrín Magnúsdóttir, „Réttarvernd kynfrelsis“ í Pétur Kr. Hafstein o.fl. (formaður ritnefndar), *Guðrúnarbók: Afmælisrit til heiðurs Guðrúnu Erlendsdóttur 3. maí 2006* (Hið íslenska bókmenntafélag 2006) 46.

⁵ Guðrún Jónsdóttir, *Nauðgun* (2. útg., Stígamót 2001) 4.

⁶ Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, *Verndum þau. Hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglíngum* (Mál og menning 2006) 10–11.

(Barnasáttmálinn), ber okkur að vernda börn yngri en 18 ára, gegn hvers kyns ofbeldi, þar með talið kynferðislegri misnotkun. Að fyrirmynd meðal annars 3. gr. Barnasáttmálans var 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar lögfest, en þar segir að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.⁷

Börn njóta sérstakrar verndar í XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 (hgl.) en þau hafa hvorki andlegan né líkamlegan þroska til kynlífsathafna og eru aldrei í aðstöðu til að veita samþykki fyrir slíku. Það er því nauðsynlegt að vernda þau fyrir þeim afleiðingum sem slíkar athafnir geta haft í för með sér og skiptir engu máli um refsineami verknaðar hvort athafnirnar hafa átt sér stað með eða gegn vilja barns.⁸ Ýmis sjónarmið af þessu tagi hafa verið færð fram sem grundvöllur refsiaþbyrgðar þessara brota en nú á dögum vegur þyngst það sjónarmið að kynferðislegar athafnir með barni séu í eðli sínu gróft ofbeldi gagnvart því og megi því undir engum kringumstæðum eiga sér stað.⁹

Helstu ákvæðin í íslenskri löggjöf sem varða kynferðisbrot gegn börnum eru 201. og 202. gr. hgl. en auk þess er 200. gr. laganna oft talin með. Ákvæðin leggja öll refsingu við kynferðismökum við börn í 1. mgr. og við kynferðislegri áreitni í 2. mgr. Merking hugtakanna „samræði eða önnur kynferðismök“ og „að áreita barn kynferðislega“ er sú sama í öllum greinunum.¹⁰ Með samræði er átt við þegar getnaðarlimur karlmanns er kominn inn í fæðingaveg konu að nokkru leyti eða öllu. Sáðlát þarf ekki að hafa átt sér stað og meyarhaft þarf ekki að hafa rofnað.¹¹ Hugtakið „önnur kynferðismök“ ber að skýra frekar þröngt en í því felst kynferðisleg misnotkun á líkama annarrar manneskju sem kemur í stað hefðbundins samræðis eða hefur gildi sem slíkt. Þetta eru athafnir sem veita geranda kynferðislega fullnægingu eða eru til þess fallnar. Undir hugtakið falla munnmök og endaparmsmök, að setja hluti eða fingur í leggöng eða endaparm, sleikja og sjúga kynfæri, láta þolanda fróa geranda og samræðishreyfingar milli læra þolanda, á bakhluta hans eða maga.¹² Með kynferðislegri áreitni er átt við ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamlega snertingu og

⁷ Ragnheiður Bragadóttir, „Ákvæði 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um sífjaspell“ í Garðar Gíslason o.fl. (formaður ritnefndar), *Lindæla* (Hið íslenska bókmenntafélag 2001) 475.

⁸ Jón Þór Ólason, „Dómstóll götunnar - gapastokkur nútímans“ (2004) 57 *Úlfjótur* 343, 350.

⁹ Ragnheiður Bragadóttir, *Kynferðisbrot* (Viðar Már Matthíasson (ritstj.), Lagastofnun Háskóla Íslands 2006), Ritroð lagastofnunar Háskóla Íslands 3 118.

¹⁰ Svala Ísfeld Ólafsdóttir, „Refsiákvæði sem varða kynferðisbrot gegn börnum“ í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Hinn launhelgi glæpur: kynferðisbrot gegn börnum* (Háskólaútgáfan 2011) 62.

¹¹ Alþt. 1991-1992, A deild, 788.

¹² Alþt. 2006-2007, A deild, 530.

ljósmyndun af kynferðislegum toga.¹³ Við skýringu á hugtakinu er einnig horft til 199. gr. hgl. og 3. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008 (jafnréttislög). Í 199. gr. hgl. kemur fram að kynferðisleg áreitni felist meðal annars í að strjúka, þukla eða káfa á kynfærum eða brjóstum annars manns innan klæða sem utan, enn fremur í táknrænni hegðun eða orðbragði sem er mjög meiðandi, ítrekað eða til þess fallið að valda ótta. Þessi efnislýsing er talin eiga við fyrrnefndu ákvæðin þrjú um kynferðisbrot gegn börnum.¹⁴ Í 3. tl. 1. mgr. 2. gr. jafnréttislaga er kynferðisleg áreitni skilgreind á eftirfarandi hátt:

Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi kynferðisleg hegðun sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.

Eins og sjá má þá eiga þessi þrjú ákvæði að vernda börn fyrir hvers konar kynferðislegum athöfnum. Fleiri ákvæði almennra hegningarlaga veita börnum slíka vernd og sama má segja um ákvæði barnaverndarlaga, nr. 80/2002 (barnaverndarlög).

2.2.1 200. gr. hgl.

Í 200. gr. hgl. er lögð refsing við sifjaspelli. Hugtakið sifjaspell hefur verið notað í misviðtækri merkingu en samkvæmt íslenskum rétti telst sú háttsemi sem lýst er í greininni, sifjaspell ef hún á sér stað á milli of náinna ættingja. Þar kemur fram að samræði eða önnur kynferðismök geranda við barn sitt eða annan niðja sem og mök milli systkina séu refsiverð.¹⁵ Greinin hljóðar svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja skal sæta fangelsi allt að 8 árum og allt að 12 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Önnur kynferðisleg áreitni manns gagnvart barni sínu eða öðrum niðja en sú er greinir í 1. mgr. varðar allt að 4 ára fangelsi og allt að 6 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Samræði eða önnur kynferðismök milli systkina varða fangelsi allt að 4 árum. Hafi annað systkina eða bæði ekki náð 18 ára aldri þegar verknaður átti sér stað má ákveða að refsing falli niður að því er þau varðar.

¹³ Alpt. 1991-1992, A deild, 788.

¹⁴ Svala Ísfeld Ólafsdóttir, 'Refsiákvæði sem varða kynferðisbrot gegn börnum' (n. 10) 64.

¹⁵ Ragnheiður Bragadóttir, *Kynferðisbrot* (n. 9) 118–119.

Mikilvægir verndarhagmunir liggja að baki ákvæðinu og hafa sambönd af þessu tagi verið kölluð „blóðskömm“. Bannið hefur byggst á erfðafræðilegum, trúarlegum og siðferðilegum sjónarmiðum en nú á tímum vega þyngst sjónarmið um vernd fjölskyldulífsins og þörfin á að vernda börn fyrir kynferðislegu ofbeldi á heimili sínu.¹⁶ Þrátt fyrir að fórnarlömb sífjaspells séu í reynd oftast börn, miðar ákvæðið ekki aðeins að því að vernda þau heldur nær það til sömu einstaklinga og meinað er að ganga í hjónaband, sbr. 9. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993. Aldur þolanda skiptir því ekki máli en ef hann er yngri en 15 ára fellur brot jafnframt undir 1. eða 2. mgr. 202. gr. hgl. Það er skilyrði að um blóðtengsl sé að ræða og á ákvæðið því ekki við ef brotið er á kjörbarni, stjúp barni, fósturbarni eða sambúðarbarni.¹⁷

2.2.2 201. gr. hgl.

Í 201. gr. hgl. er lagt fortakslaust bann við því sem hefur verið nefnt „trúnaðarbrot“ gegn börnum. Með því er átt við samræði eða önnur kynferðismök við börn yngri en 18 ára sem hinn brotlegi hefur tiltekin tengsl við, sem og að áreita börn kynferðislega.¹⁸ Greinin hljóðar svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 18 ára, sem er kjörbarn hans, stjúp barn, fósturbarn, sambúðarbarn eða tengt honum þannig fjölskylduböndum í beinan legg eða barn, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, skal sæta fangelsi allt að 8 árum og allt að 12 ára fangelsi sé barn yngra en 16 ára.

Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 4 árum og allt að 6 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Í ákvæðinu er lögð áhersla á „að vernda heimilið og fjölskyldulíf fyrir háttsemi sem er til þess fallin að raska fjölskylduböndum og særa trúnað og traust barna á sameiginlegu heimili.“¹⁹ Ákvæðið gerir kröfu um tiltekin tengsl milli barns og geranda en þessi tengsl verða ekki tæmandi talin. Það má þó segja að um tvenns konar tengsl sé að ræða. Annars vegar er talað um fjölskyldutengsl, þar sem þolandinn er kjörbarn gerandans, fósturbarn, stjúp barn eða sambúðarbarn eða önnur sambærileg fjölskyldutengsl eru með þeim. Hins vegar er talað um tengsl þar sem geranda hefur verið trúað fyrir barni til kennslu eða uppeldis, svo sem kennara, íþróttþjálfara, prest og svo framvegis. Megináherslan er lögð á þann

¹⁶ Ragnheiður Bragadóttir, 'Ákvæði 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um sífjaspell' (n. 7) 476.

¹⁷ Svala Ísfield Ólafsdóttir, 'Refsiákvæði sem varða kynferðisbrot gegn börnum' (n. 10) 71.

¹⁸ Ragnheiður Bragadóttir, *Kynferðisbrot* (n. 9) 120.

¹⁹ Alþt. 1991-1992, A deild, 790.

trúnaðarrest sem brotið felur í sér.²⁰ Það er framið af einstaklingi sem barnið treystir og er því ekki aðeins um að ræða alvarlega misnotkun á aðstöðu heldur einnig brot gegn því trausti sem börn bera til fullorðinna.²¹

2.3.3 202. gr. hgl.

Í 202. gr. hgl. er fjallað um kynferðislegan lágmarksaldur. Refsing er lögð við því að hafa samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 15 ára og að beita börn á þessum aldri kynferðislegri áreitni, sbr. 1. og 2. mgr. Í 3. mgr. er fjallað um bann við því að tæla barn yngra en 18 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka. Greinin hljóðar svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 15 ára, skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Lækka má refsingu eða láta hana falla niður, ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi.

Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 6 árum.

Hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir barn yngra en 18 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Árið 1997 lagði umboðsmaður barna til að kynferðislegur lágmarksaldur yrði hækkaður í 16 ár en á þeim tíma var hann 14 ár.²² Það var ekki fyrr en 10 árum seinna sem aldursviðmiðið var hækkað, með breytingarlögum nr. 61/2007, og þá í 15 ár. Afstaða barns skiptir ekki máli enda er bannið fortakslaust og skiptir ekki máli hvort barn berst á móti eða ekki. Fullorðinn einstaklingur sem brýtur á barni með þessum hætti misnotar yfirburðastöðu sína gróflega og er valdbeiting hans metin með hliðsjón af því að þolandinn er varnarlaust barn eða á erfitt með að verjast og skilur jafnvel ekki það sem fram fer.²³ Á hinn bóginn er skilyrði að ásetningur hafi verið til staðar og hann nái til allra þátta í efnislýsingu brotsins. Ef einstaklingur brýtur á barni sem hann var í góðri trú um að væri 15 ára eða eldra fellur brot hans undir 204. gr. hgl, sbr. 202. gr. Í 204. gr. kemur fram að hafi brot verið framið í gáleysi um aldur þolanda skuli beita vægari refsingu. Hún má þó ekki fara niður fyrir lágmarksfangelsisrefsingu ákvæðisins.²⁴

²⁰ Svala Ísfeld Ólafsdóttir, 'Refsiákvæði sem varða kynferðisbrot gegn börnum' (n. 10) 76.

²¹ Ragnheiður Bragadóttir, *Kynferðisbrot* (n. 9) 120.

²² Bréf frá umboðsmanni barna til dómsmálaráðherra (15. september 1997) í Svala Ólafsdóttir, „Heggur sá er hlífa skyldi“ (Umboðsmaður barna 1997)

²³ Ragnheiður Bragadóttir, *Kynferðisbrot* (n. 9) 121.

²⁴ sama heimild 122.

Í 2. mli. 1. mgr. 202. gr. hgl. kemur fram að lækka megi refsingu eða láta hana falla niður ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi. Rökin fyrir þessu eru að börn eru oft farin að fíkra sig áfram í kynlífi um 15 ára aldur og markmið ákvæðisins er ekki að refsa unglíngum fyrir slíkt, heldur að koma í veg fyrir að fullorðnir einstaklingar nýti sér æsku, græskuleysi, reynsluleysi og trúgírni barna til að misnota þau. Ef tveir einstaklingar, undir 15 ára aldri, hafa kynmök verður þeim þó ekki refsað fyrir það, enda er sakhæfisaldur á Íslandi 15 ár, sbr. 14. gr. hgl.²⁵

Í 3. mgr. 202. gr. hgl. kemur fram að allt að fjögurra ára refsing liggji við því að tæla börn yngri en 18 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka. Athygli er vakin á að hér er miðað við 18 ára aldur en það reynir helst á ákvæðið þegar 15-18 ára ungmenni eiga í hlut. Verkaðaraðferðir verða ekki tæmandi taldar en skilyrði er að blekkingum, gjöfum eða annars konar tælingu sé beitt.²⁶

2.3.4 Önnur ákvæði hgl.

Í XXII. kafla hgl. eru fleiri ákvæði sem annað hvort vernda börn sérstaklega eða veita þeim, jafnt sem öðrum, vernd gegn kynferðislegu ofbeldi. Verður gerð grein fyrir þessum ákvæðum í stuttu máli.

Í 206. gr. hgl. er refsing lögð við kaupum á vændisþjónustu en 2. og 4. mgr. varða börn sérstaklega. Þar kemur fram að refsivert sé að kaupa vændisþjónustu af barni undir 18 ára aldri og að ekki skipti máli í hvaða formi greiðslan er.²⁷ Þá er refsivert að ginna, hvetja eða aðstoða barn til að stunda vændi en önnur ákvæði greinarinnar geta einnig átt við börn.

Börn eru sérstaklega vernduð fyrir klámi í 2.-4. mgr. 210. gr. hgl. Þar er meðal annars lýst refsivert að búa til, flytja inn og dreifa barnaklámi, þ.e. efni sem sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Einnig er refsivert að hafa í vörslu sinni slíkt efni og að láta slíkt af hendi við börn yngri en 18 ára.

Ákvæði 209., 199., 194., 197. og 198. gr. hgl. eiga ekki sérstaklega við um börn en þau geta þó við sérstakar aðstæður verið þolendur þessara brota. Samkvæmt 209. gr. eru brot gegn blygðunarsemi refsiverð. Í sumum tilvikum getur verið erfitt að greina á milli kynferðislegrar áreitni og brota gegn blygðunarsemi. Hafi háttsemi ekki falið í sér líkamlega

²⁵ Svala Ísfeld Ólafsdóttir, 'Refsiákvæði sem varða kynferðisbrot gegn börnum' (n. 10) 67.

²⁶ sama heimild 68–69.

²⁷ Alþt. 2008-2009, A deild, 3072.

snertingu er almennt miðað við að um hið síðarnefnda sé að ræða.²⁸ Athafnir sem stjórnast af kynhneigð manna svo sem klúrt orðbragð og strípihneigð eru dæmi um háttsemi sem fellur undir ákvæðið.²⁹

Eins og fram hefur komið felst kynferðisleg áreitni, skv. 199. gr. hgl., meðal annars í að strjúka, þukla og káfa á kynfærum og brjóstum sem og í hegðun eða orðbragði sem er meiðandi, ítrekað eða til þess fallið að valda ótta. Aðeins reynir á þetta ákvæði í tengslum við börn á aldrinum 15-18 ára og tengsl geranda og þolanda eru ekki með þeim hætti sem er lýst í 2. mgr. 200. gr. eða 2. mgr. 201. gr. hgl. Sé þolandi yngri en 15 ára fellur brot undir 2. mgr. 202. gr., en 200. gr. og 201. gr. tæma sök gagnvart 199. gr. sem þýðir að ekki verður jafnframt sakfelld fyrir brot gegn 199. gr.³⁰

Í 194. gr. hgl. er nauðgun lýst refsiverð. Ef þolandi er yngri en 18 ára er annað hvort hægt að beita ákvæðinu samhliða 200.-202. gr. eða einu og sér ef önnur ákvæði eiga ekki við. Í Hrd. 23. apríl 2008 í máli nr. 658/2007 komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að 1. mgr. 194. gr. hgl. yrði ekki beitt samhliða 202. gr. nema verknaðarlýsing fyrrnefnda ákvæðisins ætti við.

Samkvæmt 197. og 198. gr. hgl. er refsivert að misnota aðstöðu til að ná fram samræði eða öðrum kynferðismökum. Í 197. gr. kemur fram fortakslaust bann við samræði og öðrum kynferðismökum umsjónarmanns eða starfsmanns fangelsisyrivalda, barnaverndaryrivalda, heimilis fyrir andlega fatlað fólk eða annarra slíkra stofnanna við vistmann. Bannið nær til allra starfmanna á hlutaðeigandi stofnunum og skiptir viljaafstaða vistmanns ekki máli. Sambærilegt bann er að finna í 198. gr. en þar er lögð refsing við því að yfirboðari misnoti aðstöðu sína gróflega gagnvart aðila, sem er háður honum að tilteknu leyti, í því skyni að fá kynferðislegum hvötum sínum fullnægt.³¹ Sé þolandi yngri en 18 ára varðar brotið þyngri refsingu en annars.

2.3.5 Ákvæði barnaverndarlaga

Börnum skal sýnd virðing og umhyggja og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi, sbr. 1. ml. 2. mgr. 1. gr. barnaverndarlaga. Í 98. og 99. gr.

²⁸ Svala Ísfeld Ólafsdóttir, 'Refsiákvæði sem varða kynferðisbrot gegn börnum' (n. 10) 92.

²⁹ Jónatan Þórmundsson, „Um kynferðisbrot“ í *Skýrsla nauðgunarmálanefndar* (Dómsmálaráðuneytið 1989) 114.

³⁰ Svala Ísfeld Ólafsdóttir, 'Refsiákvæði sem varða kynferðisbrot gegn börnum' (n. 10) 94.

³¹ Jónatan Þórmundsson, 'Um kynferðisbrot' (n. 29) 126–127.

sömu laga er meðal annars lögð refsing við að misbjóða barni kynferðislega og að sýna barni vanvirðandi háttsemi. Sjaldgæft er að Hæstiréttur sakfelli fyrir kynferðislegt athæfi gegn barni á grundvelli þessara ákvæða en fyrrnefnd ákvæði hegningarlaga tæma sök gagnvart þessum ákvæðum þegar háttsemi fellur einnig undir þau.³²

Um frekari upplýsingar varðandi refsíákvæði í umræddum málaflokki vísast til greinar Svölu Ísfeld Ólafsdóttur, „Refsíákvæði sem varða kynferðisbrot gegn börnum“.³³

3. Skilgreining hugtaka

3.1 Miski

Í íslenskri orðabók er hugtakið miski skilgreint sem tjón eða skaði.³⁴ Í lögfræðiorðabók segir aftur á móti að miski sé ófjárhagslegt tjón og að samkvæmt skaðabótalögum geti miski verið tvenns konar, annars vegar varanlegar ófjárhagslegar afleiðingar líkamstjóns og hins vegar miski samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993 (skaðabótalög).³⁵ Þegar hugtakið miski er skilgreint er oftast litið til umfjöllunar Ólafs Jóhannessonar en hann skilgreindi hugtakið með eftirfarandi hætti: „...miski er tjón, sem ekki verður metið til peninga eftir almennum mælikvarða. Hann er því fólgin í skerðingu hugrænna gæða, sem ekki hafa hlutlæga tilveru utan rétthafans eða eru svo bundin við einstakling þann, er þeirra nýtur, að jafn erfitt er að meta þau til fjár sem hin fyrrnefndu“.³⁶ Hér verður fjallað um miska í skilningi 26. gr. skaðabótalaga og tekið mið af skilgreiningu Ólafs Jóhannessonar við notkun orðsins.

3.2 Miskabætur

Miskabætur eru skilgreindar í rýmri merkingu sem féggjald fyrir ófjárhagslegt tjón en slíkt tjón getur annars vegar verið tjón af völdum líkamsspjalla, sbr. 3. og 4. gr. skaðabótalaga og hins vegar tjón vegna ólögætrar meingerðar gegn frelsi, æru eða persónu manns, sbr. 26. gr. sömu laga.³⁷ Orðið miskabætur hefur því bæði verið notað um bætur fyrir varanlegan miska samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga og um bætur vegna 26. gr. Þar sem þessum bótum er ætlað ólíkt hlutverk er óheppilegt að nota orðið miskabætur um báðar tegundir þessara bóta þótt

³² Svava Ísfeld Ólafsdóttir, 'Refsíákvæði sem varða kynferðisbrot gegn börnum' (n. 10) 100.

³³ sama heimild 57–107.

³⁴ Mördur Árnason (ritstj.), „Íslensk orðabók: M-Ö“ (Edda 2002) 1002.

³⁵ Páll Sigurðsson o.fl. (ritstj.), *Lögfræðiorðabók: með skýringum* (Codex 2008) 288.

³⁶ Ólafur Jóhannesson, „Fjártjón og miski“ (1947) 1 Úlfliótur 3, 11.

³⁷ Alþt. 1992-1993, A deild, 3624.

þær eigi það sameiginlegt að vera bætur fyrir ófjárhagslegt tjón. Það er því réttara að fjalla um bætur samkvæmt 4. gr. sem bætur fyrir varanlegan miska og bætur samkvæmt 26. gr. sem miskabætur.³⁸ Þólandi kynferðisbrota sem verður fyrir varanlegum líkamlegum áverkum getur að sjálfsögðu krafist bóta fyrir slíkt tjón samhliða miskabótum en umfjöllunarefni þessarar ritgerðar snýr þó aðeins að miskabótum í þrengri merkingu, en það eru miskabætur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga.

Heimild til greiðslu miskabóta var að finna í 303. gr. fyrstu almennra hegningarlaga Íslendinga frá 25. júní 1869 en við setningu gildandi hegningarlaga var þessi heimild færð í 264. gr. Þólandur kynferðisbrota gátu því krafist miskabóta á grundvelli þessa ákvæðis. Þegar skaðabótalögin voru sett árið 1993 var ákvæðið felld niður úr hegningarlögunum og heimildin færð yfir í 26. gr. skaðabótalaga.³⁹ Á sama tíma var sú mikilvæga breyting gerð að fallið var frá því skilyrði að nauðsynlegt væri að refska mætti geranda fyrir brot svo miskabætur fengjust greiddar. Núna er því aðeins gerð krafa um að brot sé ólöglegt en rökin fyrir breytingunni voru þau að þörf væri á að vernda þessi gæði í ríkara mæli en áður.⁴⁰ Þannig getur sá sem fremur kynferðisbrot verið bótaskyldur þrátt fyrir að sök hans sé fyrnd. Hæstiréttur hefur dæmt þólandum bætur í málum af þessu tagi þar sem ákærði er sýknaður á grundvelli sakarfyrningar, sbr. Hrd. 20. október 2005 í máli nr. 148/2005.⁴¹ Þar var ákærði sakfelldur fyrir ítrekuð kynferðisbrot gegn dóttur sambýliskonu sinnar. Hann var aftur á móti sýknaður af hluta brotanna vegna sakarfyrningar. Krafið var miskabóta fyrir hönd stúlkunnar að fjárhæð 2.000.000 kr. Í niðurstöðu dómsins var tekið fram að hún ætti rétt á bótum og ekki væri undanskilin krafa hennar vegna þess brots sem ákærða yrði ekki gerð refsing fyrir sökum sakarfyrningar.

Með 13. gr. laga um breyting á skaðabótalögum, nr. 37/1999, var heimildin til greiðslu miskabóta samkvæmt 26. gr. rýmkuð og bætt við heimild til að ákvarða brotaþola miskabætur þegar valdið væri líkamstjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Fram að þessari breytingu var aðeins hægt að dæma miskabætur vegna ólögmetrar meingerðar gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns.⁴²

³⁸ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Codex 2005) 653–654.

³⁹ Ása Ólafsdóttir, 'Kynferðisbrot og ákvörðun miskabóta' (n. 2) 14–15.

⁴⁰ Alþt. 1992-1993, A deild, 3628.

⁴¹ Ása Ólafsdóttir, 'Kynferðisbrot og ákvörðun miskabóta' (n. 2) 37.

⁴² Alþt. 1998-1999, A deild, 1300.

Miski fæst aðeins bættur að til þess sé sérstök heimild í lögum en jafnvel þótt slíka heimild sé að finna er það dómstóla að taka ákvörðun um hvort dæmdar verða miskabætur eða ekki.⁴³ Í a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga segir að heimilt sé að láta þann sem veldur líkamstjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi greiða miskabætur til þess sem misgert var við og í b-lið ákvæðisins segir það sama um þá sem ábyrgð bera á ólögumætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns. Eins og sjá má er engin fyrirsmæli um fjárhæð miskabóta að finna í ákvæðinu og slík fyrirsmæli er hvergi að finna í settum lögum. Það er því einnig á valdi dómstóla að leggja mat á hversu háar bætur þykja hæfilegar í hverju máli fyrir sig.⁴⁴

Í greinagerð með frumvarpinu, sem varð að breytingalögum nr. 37/1999, er lögð áhersla á að fjárhæðir bóta eigi að ákvarðast samkvæmt því sem þykir sanngjarnt hverju sinni. Meðal annars skuli hafa í huga umfang tjóns, sök tjónvalds og fjárhagsstöðu hans. Þegar börn eru þolendur kynferðisbrota skuli líta til þess hversu alvarlegar afleiðingar brots séu fyrir þau, eðlis verknaðarins, hve lengi misnotkunin hefur staðið og hvort um misnotkun fjölskyldu- eða trúnaðartengsla sé að ræða, en slík tengsl eigi ekki að leiða til lækkunar bóta.⁴⁵

Í bókinni, *Auðgínt er barn í bernsku sinni*, tók höfundur viðtal við sex starfandi dómara um kynferðisbrot gegn börnum.⁴⁶ Að minnsta kosti tveir af dómurinum töldu að miskabætur væru almennt of lágar í þessum málum og að þær þyrftu að vera hærri. Þá sagði einn dómara að bæturnar væru „hlægilegar“ og þyrfti að hækka þær verulega til þess að þær teldust „mannsæmandi“. Dómararnir voru almennt á þeirri skoðun að þeir hefðu í mörgum tilfellum við lítið að styðjast við mat á langvarandi afleiðingum brots í hverju einstöku máli og að bæði væri skortur á rannsóknum á brotapolum almennt og eins að miskabótakröfur væru nægilega vel studdar gögnum um viðkomandi brotþola.⁴⁷

Þar sem dómstólar ákveða fjárhæð miskabóta hlýtur það að vera áhyggjuefni að ekki séu lögð fram næg gögn og nægar upplýsingar um áhrif brots á þolanda.

⁴³ Ólafur Jóhannesson, 'Fjártjón og miski' (n. 36) 3.

⁴⁴ Hjörtur O. Aðalsteinsson, „Miskabætur fyrir kynferðisbrot gegn börnum“ í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (Háskólaútgáfan 2011) 193.

⁴⁵ Alþt. 1998-1999, A deild, 1300.

⁴⁶ Svala Ísfeld Ólafsdóttir, *Auðgínt er barn í bernsku sinni: afnám fyrningar alvarlegra kynferðisbrota gegn börnum* (Háskólaútgáfan 2009).

⁴⁷ sama heimild 93.

3.3 Miskabótakrafa

Brotapoli sem telur sig eiga kröfu að einkarétti á hendur sakborningi vegna refsiverðrar háttsemi hans getur leitað dóms um hana í sakamáli, sbr. 1. mgr. 172. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (sakamálalög). Þolendur kynferðisbrota nýta sér oftast þessa heimild og leggja fram miskabótakröfu á hendur gerendum sínum en aðild þeirra að sakamálinu takmarkast við kröfuna, sbr. 3. mgr. 172. gr. Miskabótakrafa er einkaréttarkrafa í sakamáli og gilda almennar reglur einkamálaréttarfars um hana.⁴⁸ Brotapoli hefur fullt forræði á kröfunni samkvæmt 4. mgr. 174. gr. sakamálalaga og ræður því hvaða gögn hann leggur fram henni til stuðnings. Þess vegna eiga dómarmar ekki að skipta sér af sönnunarfærslunni með því að óska eftir frekari gögnum, s.s. um andlega líðan brotþola.

Miskabótakröfu skal koma á framfæri við lögreglu á meðan á rannsókn máls stendur eða við ákæranda áður en ákæra er gefin út. Aðeins er heimilt að gera það eftir útgáfu ákæru ef skilyrði til útgáfu framhaldsákæru eru uppfyllt eða ef ákærði samþykkir það, sbr. 1. mgr. 173. gr. sakamálalaga. Í 173. gr. koma einnig fram þær upplýsingar sem liggja skulu fyrir í og með skriflegri greinagerð um bótakröfu. Þar segir að krafan skuli kynnt sakborningi og að ákærandi gæti að því hvort krafan sé réttilega úr garði gerð. Samkvæmt 174. gr. skal afrit af greinagerð fylgja ákæru þegar hún er birt ákærða en greinagerð skal einnig lögð fram við þingfestingu máls. Ef kröfuhafi sækir ekki þing við þingfestingu eða þegar málið er tekið fyrir á síðari stigum er krafan felld niður nema forföll hans séu talin lögmæt eða ákærandi hafi mætt fyrir hans hönd. Dómari skal gæta að því hvort annmarkar séu á kröfu sem gætu valdið frávisun hennar. Ef svo er gefur hann aðilum tækifæri til að tjá sig um það. Ákveði hann að vísa kröfu frá gerir hann það með úrskurði, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Slíkur úrskurður er kæránlegur til Hæstaréttar samkvæmt u-lið 1. mgr. 192. gr. sakamálalaga.

Ef sakborningur samþykkir ekki kröfu og dómari telur að meðferð hennar geti leitt til tafa og óhagræðis í sakamálinu, getur hann á öllum stigum fram að munnlegum málflutningi skilið kröfuna frá öðrum þáttum málsins og vikið henni til meðferðar í sérstöku máli sem rekið skal eins og almennt einkamál, sbr. 1. mgr. 175. gr. sakamálalaga. Aðilum skal þó gefinn kostur á að tjá sig um það áður en slík ákvörðun er tekin. Dómari getur einnig ákveðið að dæma aðeins um bótaskyldu í sakamáli en víkja málinu til meðferðar í sérstöku máli hvað bótafjárhæð varðar, sbr. 2. mgr. greinarinnar. Dómari ákveður þá að sakborningur sé

⁴⁸ Ása Ólafsdóttir, 'Kynferðisbrot og ákvörðun miskabóta' (n. 2) 20.

bótaskyldur en sérstakt einkamál verður til varðandi upphæð bótafjárhæðar. Sé ákvörðun tekin um að víkja kröfu til meðferðar í einkamáli, að öllu leyti eða viðvíkjandi bótafjárhæð, skal hún tekin til meðferðar fyrir sama dómstóli eins og um einkamál hefði verið að ræða. Þegar einkamál eru þingfest þarf að greiða þingfestingargjald en engin dómsmálagjöld eru greidd við rekstur sakamála fyrir dómi. Þar sem litið er svo á að einkamál hafi verið þingfest, þarf ekki að greiða þingfestingargjald í þeim tilfellum sem bótakröfu er vikið til meðferðar í einkamáli.⁴⁹ Hafi ákærði ekki skilað greinagerð samkvæmt 165. gr. sakamálalaga, skal gefa honum kost á að skila henni en að öðru leyti er málið rekið eftir almennum reglum um meðferð einkamála upp frá því, sbr. 3. mgr. 173. gr. sömu laga.

3.4 Afleiðingar kynferðisbrota á börn

Þrátt fyrir að enginn muni eftir fyrstu árum ævinnar þýðir það ekki að þau skipti engu máli. Á þessum tíma þroskast heilinn mikið og hvernig hann þroskast er háð aðstæðum og reynslu barns en það hefur einnig áhrif á hæfni barna til að tengjast, treysta, læra, skapa og elska.⁵⁰ Lengi var talið að kenningar um mótunaráhrif barnæskunnar kæmu veruleikanum lítið við. Síðustu ár hefur þekking á mikilvægi fyrstu tengsla aukist hratt og rannsóknir sýna að fyrstu árin hafa varanleg áhrif á persónuleikaþroska einstaklingsins.⁵¹

Fjöldi rannsókna er til um afleiðingar kynferðisbrota gegn börnum og er ljóst að barn sem verður fyrir kynferðislegu ofbeldi getur þurft að glíma við afleiðingar þess alla ævi. Börn sem verða fyrir ofbeldi eiga á hættu að verða fyrir langvarandi, líkamlegu, tilfinningalegu og vitsmunalegu tjóni, sem getur komið fram síðar á lífleiddinni í hegðunar- og geðröskunum. Auk þess halda sumir sérfræðingar því fram að endurtekið ofbeldi geti haft varanleg áhrif á persónuleika barna og skaðinn sem börn verða fyrir sé varanlegur.⁵² Í niðurstöðum rannsóknar sem ber heitið „*Þögn þjáning: Samanburður á áhrifum kynferðislegs ofbeldis í bernsku á heilsufar og líðan íslenskra karla og kvenna*“ kom í ljós að þjáning þeirra sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku er djúp og snertir allt líf viðkomandi. Þátttakendur í rannsókninni glímdu allir við bæði líkamlegar og andlegar afleiðingar brota sem þeir urðu

⁴⁹ Hjörtur O. Aðalsteinsson, 'Hinn launhelgi glæpur' (n. 44) 200–201.

⁵⁰ Sæunn Kjartansdóttir, „Gleymt en geymt“ í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (Háskólaútgáfan 2011) 300–301.

⁵¹ Sæunn Kjartansdóttir, „Við vissum það ekki þá en við vitum það núna. Um áhrif fyrstu áranna á börn og fullorðna“ í Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir, og Vilhjálmur Árnason (ritstj.), *Velferð barna, gildismat og ábyrgð samfélags* (Háskólaútgáfan 2010) 133.

⁵² Sæunn Kjartansdóttir, 'Hinn launhelgi glæpur' (n. 50) 302.

fyrir í æsku. Þeir höfðu allir þjáðst af kvíða eða þunglyndi, verið haldnir sjálfseyðingarhvöt og fundið fyrir mikilli óútskýranlegri vanlíðan.⁵³ Stór hluti þátttakenda hafði þjáðst af flóknum heilsufarsvandamálum, svo sem meltingarfæravandamálum, hjartsláttaróreglu, sykursýki, síþreytu og margir þeirra áttu auk þess við svefnörðugleika að stríða.⁵⁴

Í mörgum dómum Hæstaréttar sem varða kynferðisbrot gegn börnum hafa sérfræðingar verið fengnir til að meta þau áhrif sem misnotkunin hefur haft á brotaþola. Í mörgum tilfellum er að finna sláandi lýsingar á afleiðingum þessara brota. Í Hrd. 28. maí 2009 í máli nr. 58/2009 var ákærði dæmdur í átta ára fangelsi fyrir ítrekuð kynferðisbrot gegn stjúpdóttur sinni. Brotin voru framin á fjögurra ára tímabili frá því að stúlkan var 11 ára og þar til hún varð 14 ára. Krafist var miskabóta fyrir hönd stúlkunnar að fjárhæð 5.000.000 kr. og voru sérfræðigögn lögð fram um líðan stúlkunnar kröfunni til stuðnings. Ólöf Ásta Farestveit, forstöðumaður Barnahúss, skrifaði meðal annars greinargerð um afskipti sín af stúlkunni og meðferð hennar og var greinargerðin lögð fram í málinu. Þar kom meðal annars fram:

Í byrjun hefði brotaþoli fundið fyrir geysilegum létti í kjölfar þess að málið kom upp. Hún hefði hins vegar í framhaldi brotnað niður og á tímabili ekki treyst sér til að lifa lengur. Hefði Ólöf óttast um líf hennar á tímabili og haft samband við barnaverndarnefnd til að koma henni til hjálpar. Hefði brotaþoli fengið lyf til að hjálpa henni yfir erfiðasta tímabilið. Í dag nái hún að lifa nokkuð sæmilegu lífi frá degi til dags en hún sé ekki enn komin á það stig í meðferðinni að geta farið að tala um kynferðisbrotin gagnvart henni. Brotaþoli forðist að fara á þá staði sem minni hana á meint brot og því hefði hún ásamt móður sinni og systkinum flutt af heimilinu. Þá muni brotaþoli lítið frá æsku sinni og geti ekki rætt um æskuárin nema leikskólatímabilið. Hún muni ekki geta lifað eðlilegu lífi á unglingsárunum, eins og að verða skotin og fleira sem tengist eðlilegu lífi hjá unglungum. Hún hafi allt aðra reynslu en jafnaldrar hennar og hún muni eiga í miklum erfiðleikum í framtíðinni. Bara barneignir geti valdið henni gríðarlegum erfiðleikum.

Hæstiréttur dæmdi manninn til að greiða stúlkunni bætur að fjárhæð 2.500.000 kr. en þegar bæturnar eru framreiknaðar til ársins 2012 nema þær 2.836.622 kr. Í dómasafni Hæstaréttar er að finna fjölmörg sambærileg eða svipuð dæmi um skýrslur sem innihalda lýsingar á

⁵³ Sigrún Sigurðardóttir og Sigríður Halldórsdóttir, „Þögn þjáning: Samanburður á áhrifum kynferðisofbeldis í bernsku á heilsufar og líðan íslenskra karla og kvenna“ í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Hinn launhelgi glæpur: kynferðisbrot gegn börnum* (Háskólaútgáfan 2011) 333.

⁵⁴ sama heimild 330.

alvarlegum afleiðingum kynferðisbrota á börn.⁵⁵ Þrátt fyrir að þar sé aðeins um að ræða mat á einstökum brotapolum er í þessum dómum að finna mikilvægan fróðleik um afleiðingar umræddra brota. Þeir bera einnig vitni um aukna þekkingu á þessu sviði og aukna vitund um alvarleika og afleiðingar kynferðisbrota gegn börnum.⁵⁶

Börn sem hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi sýna oft sömu einkenni og börn sem hafa orðið fyrir annars konar ofbeldi eða áföllum og afleiðingarnar eru jafn mismunandi og brotapolarnir eru margir. Það er einmitt þess vegna sem það er mikilvægt að réttargæslumenn sinni hlutverki sínu og láti meta þessar afleiðingar í hverju tilviki fyrir sig, bæði til að auðvelda dómstólum að ákveða bótafjárhæð en einnig til að brotapolar fái viðeigandi meðferð og aðstoð við að takmarka tjónið og vinna úr vandamálum sínum.

4. Réttargæslumaður

Til að miskabætur verði dæmdar í máli verður brotapolinn að hafa krafist þeirra úr hendi brotamanns. Í þeim tilfellum sem brotapolinn er ólögráða vegna æsku verður lögráðamaður hans að leggja fram bótakröfuna og kemur hann þá fram sem fyrirvarsmaður brotapola samkvæmt 2. mgr. 39. gr. sakamála laga. Í 1. mgr. 1. gr. lögræðis laga, nr. 71/1997, kemur fram að einstaklingur verði lögráða við 18 ára aldur en fram að þeim tíma eru börn hvorki sjálfráða né fjárráða. Kröfunni þarf einnig að beina að aðila sem hefur bótahæfi.⁵⁷ Með því er átt við að einstaklingur sem skortir vit til að eiga sök verður heldur ekki talinn geta borið ábyrgð á tjóni.⁵⁸ Bótakröfu verður því að beina að einstaklingi sem er orðinn 18 ára og var fær um að stjórna gerðum sínum á þeim tíma sem hann braut af sér. Að öðrum kosti verður hann ekki dæmdur til greiðslu miskabóta. Í Hrd. 7. október 2004 í máli nr. 150/2004 var ungur maður sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn 13 ára stúlku. Réttargæslumaður stúlkunnar krafðist þess að maðurinn yrði dæmdur til að greiða stúlkunni miskabætur að fjárhæð 1.000.000 kr. Kröfunni var beint að manningnum sjálfum en þar sem hann var ófjárráða vegna æsku, var kröfunni vísað frá dómi enda hefði átt að beina henni að lögráðamanni unga mannsins.

⁵⁵ Sbr. til dæmis Hrd. 25. mars 2004 í máli nr. 463/2003, Hrd. 26. janúar 2006 í máli nr. 284/2005, Hrd. 19. febrúar 2009 í máli nr. 569/2008 og Hrd. 19. janúar 2012 í máli nr. 562/2011.

⁵⁶ Svala Ísfield Ólafsdóttir, „Fyrning kynferðisbrota gegn börnum“ (2007) 3 Stjórnsmál og stjórnslá 117, 135.

⁵⁷ Ása Ólafsdóttir, 'Kynferðisbrot og ákvörðun miskabóta' (n. 2) 20–21.

⁵⁸ Arnliótur Björnsson, *Skaðabótaréttur: kennslubók fyrir byrjendur* (Hið íslenska bókmenntafélag 1988) 84.

Samkvæmt 41. gr. sakamálalaga er lögreglu skylt að tilnefna réttargæslumann ef rannsókn máls beinist að broti á XXII. kafla hgl. og brotapolí óskar þess. Þó skal ávallt tilnefna réttargæslumann ef brotapolí hefur ekki náð 18 ára aldri þegar rannsókn hefst. Börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi fá því skipaðan réttargæslumann sem gætir hagsmuna þeirra og aðstoðar þau við að setja fram miskabótakröfu. Brotapola er að sjálfsögðu alltaf heimilt að ráða sér lögmann á sinn kostnað, sbr. 43. gr. sakamálalaga, en réttargæslumann skal tilnefna eins fljótt og kostur er, sbr. 4. mgr. 41. gr. laganna.

4.1 Réttarstaða brotapola

Með lögum nr. 36/1999 voru gerðar veigamiklar breytingar á þágildandi lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991 og bætt við nýjum kafla sem bar heitið *brotapoli og réttargæslumaður*, en sambærileg ákvæði er nú að finna í V. kafla sakamálalaga. Helsta breytingin fólst í að heimilað var að skipa brotapola réttargæslumann á kostnað ríkisins. Í þeim tilvikum þar sem brotapolí er yngri en 18 ára og grunur leikur á að hann hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi er lögreglu skylt að tilnefna honum réttargæslumann. Þá voru fleiri lagabreytingar gerðar sem meðal annars fólu í sér að betur yrði gætt að upplýsingum um persónulega hagi brotapola og að brotapolí gæti krafist þess að réttarhaldi væri lokað. Þá voru sett ákvæði um skýrslutökur í kynferðisbrotamálum þegar brotapolí er yngri en 18 ára, en ráðgert var að aðeins ein skýrslutaka færi fram fyrir dómi og að hún færi fram eins fljótt og auðið væri.⁵⁹ Lögreglu var gert skylt að sjá til þess að dómari tæki skýrslu af barni og í framhaldinu fóru dómara að nýta aðstöðu í Barnahúsi og útbúin var aðstaða í héraðsdómi Reykjavíkur fyrir þessar skýrslutökur. Aldursmarkið var síðar fært niður í 15 ár þegar ný sakamálalög tóku gildi 1. janúar 2009. Brotapolar sem eru 15 ára og eldri þurfa því einnig að gefa skýrslu í dómsal við aðalmeðferð máls.⁶⁰

Meginmarkmiðið með lagabreytingunum frá 1999 var að styrkja réttarstöðu þeirra sem hafa verið þolendur afbrota eða misgert hefur verið við, en þeir hafa sérstakra hagsmuna að gæta þótt þeir séu ekki beinir aðilar að sakamáli líkt og ákærvaldið og hinn ákærði.⁶¹ Fram að þessu hafði réttarstaða brotapola í kynferðisbrotamálum að miklu leyti

⁵⁹ Kolbrún Sævarsdóttir, „Réttarstaða brotapola“ í Jóhann Haukur Hafstein (ritstj.), *Bifröst: rit lagadeildar Háskólans á Bifröst* (Háskólinn á Bifröst 2006) 333–335.

⁶⁰ Hjörtur O. Aðalsteinsson, ‘Hinn launhelgi glæpur’ (n. 44) 197.

⁶¹ Alþt. 1998-1999, A deild, 2300.

verið eins og réttarstaða annarra vitna í opinberu máli.⁶² Flestir eru sammála um að þörf hafi verið á að styrkja réttarstöðu þessara einstaklinga og að það hafi tekist með lagabreytingunni. Þó hefur því verið haldið fram að markmiðinu hafi verið náð með of miklum viðbúnaði og tilkostnaði og réttast væri því að leggja af réttargæslumenn í því formi sem þeir eru nú.⁶³ Rökin fyrir því eru meðal annars það að þar sem aðeins er gert ráð fyrir einni skýrslutöku fyrir dómi eigi lögreglumenn að spyrja sem minnst og kalla til dómara en það hefur í för með sér að frumskýrsla lögreglu verður mjög takmörkuð og getur verið að sá sem er kærður viti ekki fyrir hvað. Einnig hefur verið bent á að víða á landsbyggðinni sé sá tæknibúnaður sem þarf fyrir skýrslutökum af börnum ekki til staðar og þurfi málsaðilar og aðrir tengdir þeim að ferðast til Reykjavíkur með tilheyrandi kostnaði. Þá hefur því verið haldið fram að staða réttargæslumanns sé í mörgum tilvikum óskýr og oftast en ekki felist hlutverk hans aðeins í sálgæslu og væri því betra að skipa þolendum sálfræðimenntaðan talsmann.⁶⁴ Hlutverk réttargæslumanns hlýtur þó að teljast afar mikilvægt, sérstaklega þegar börn eru þolendur, þar sem þau eru ekki fær um að gæta hagsmuna sinna og foreldrar þeirra í mörgum tilfellum ekki heldur. Lagabreytingarnar frá 1999 ættu því að hafa falið í sér skref í rétta átt.

4.2 Hlutverk réttargæslumanns

Hlutverk réttargæslumanns kemur fram í 45. gr. sakamálalaga þar sem segir að hann skuli gæta hagsmuna skjólstaðings síns og veita honum aðstoð, þar á meðal við að setja fram einkaréttarkröfur samkvæmt XXVI. kafla laganna. Þagnarskylda hvílir á réttargæslumanni um það sem brotþoli trúir honum fyrir og aðrar upplýsingar sem hann kemst yfir vegna starfs síns. Ákvæðið hefur verið gagnrýnt fyrir að vera ekki nægilega lýsandi um hlutverk réttargæslumanns en engar frekari leiðbeiningar er að finna í greinagerð. Lögmenn sem hafa tekið þetta hlutverk að sér hafa því þurft að þróa og móta starfið með hliðsjón af dómaframkvæmd. Það er ljóst að hlutverk réttargæslumanns felst ekki í að ná fram hefndum fyrir brotþolann, sama hversu reiður hann er gerandanum, enda er ekkert í íslenskum rétti sem heimilar slíkt. Það er heldur ekki hlutverk réttargæslumanns að rannsaka

⁶² Hjörtur O. Aðalsteinsson, „Hugleiðingar um kynferðisbrot í ljósi lagabreytinga og nýlegra dóma.“ (1994) 44 Tímarit lögfræðinga 112, 118.

⁶³ Berglind Svavarsdóttir, „Staða brotþola og hlutverk réttargæslumanna í ljósi reynslunnar“ (2002) 8 Lögmannablaðið 12, 13.

⁶⁴ sama heimild 12–13.

mál eða að sjá til þess að sakborningur verði beittur lögmæltum viðurlögum.⁶⁵ Meginhlutverk réttargæslumanns er að gæta hagsmuna brotþola og veita honum alla þá aðstoð sem krafist verður af löglærðum málsvara, en í því felst meðal annars að útbúa einkaréttarkröfur og flytja þær fyrir dómi. Það er því réttargæslumaður sem aðstoðar við gerð miskabótakröfu og fylgir henni eftir. Réttargæslumaður verður alltaf að fara að vilja brotþola og má hvorki láta persónulegar skoðanir sínar né aðra óviðkomandi hagsmuni hafa áhrif á starf sitt.⁶⁶ Réttargæslumaður sér um að vera í sambandi við foreldra brotþola, lögreglu og barnaverndaryfirvöld, sé þess þörf. Þegar dómur er kveðinn upp er mikilvægt að brotþoli og/eða foreldrar hans heyri niðurstöðuna frá réttargæslumanni eins fljótt og auðið er, enda eru dómar birtir jafnóðum á heimasíðum dómstóla og fjölmiðlar eru einnig fljótir að skýra frá niðurstöðum í mörgum tilfellum. Sérstaklega er þetta mikilvægt þegar ákærði er sýknaður og bótakröfu vísað frá og er það þá hlutverk réttargæslumanns að útskýra niðurstöðu dómsins fyrir brotþola og fjölskyldu hans, sem og atriði varðandi áfrýjun. Réttargæslumaður kannar hvort allar upplýsingar um brotþola hafi verið afmáðar úr dómi við birtingu og óskar eftir leiðréttingu hafi það ekki verið gert.⁶⁷

Í V. kafla sakamálalaga er að finna fleiri ákvæði um réttindi og skyldur réttargæslumanns en þar ber helst að nefna annars vegar réttinn til viðveru og til að spyrja spurninga og hins vegar aðgang hans að gögnum málsins. Réttargæslumanni er alltaf heimilt að vera viðstaddur þegar skýrsla er tekin af brotþola og eftir að ákæra hefur verið gefin út er honum heimilt að vera viðstaddur öll þinghöld, sbr. 1. og 2. mgr. 46. gr. sakamálalaga. Hann hefur ekki rétt á að spyrja brotþola eða aðra sem gefa skýrslu fyrir dómi spurninga, en getur beint því til lögreglu eða dómara að spyrja skjólstæðing sinn, sakborning eða önnur vitni um tiltekin atriði, sbr. 3. mgr. 46. gr. sakamálalaga. Þá á réttargæslumaður rétt á að fá aðgang að þeim gögnum sem varða skjólstæðing hans og eru nauðsynleg til að gæta hagsmuna hans. Við þingfestingu máls á réttargæslumaður rétt á að fá aðgang að öllum gögnum sem varða þátt skjólstæðing hans nema dómari telji að það kunni að torvelda að mál upplýsist, sbr. 1. mgr. 47. gr. sakamálalaga. Þetta þýðir að réttargæslumaður getur ekki

⁶⁵ Björn L. Bergsson, „Réttargæslumenn - rukkarar?“ (2000) 6 Lögmannablaðið 11, 11–12.

⁶⁶ Eiríkur Tómasson, „Réttargæslumaður brotþola“ í Pétur Kr. Hafstein o.fl. (ritstj.), *Guðrúnarbók: Afmælisrit til heiðurs Guðrúnu Erlendsdóttur 3. maí 2006* (Hið íslenska bókmenntafélag 2006) 191–192.

⁶⁷ Hjörtur O. Aðalsteinsson, ‘Hinn launhelgi glæpur’ (n. 44) 199.

krafist þess að fá aðgang að gögnum sem varða aðra þætti málsins, eins og til dæmis um önnur brot sakbornings eða um aðra brotþola.⁶⁸

4.3 Þóknun réttargæslumanns

Dómari ákveður þóknun réttargæslumanns, sbr. 1. mgr. 48. gr. sakamálalaga, nema hann hafi afsalað sér henni. Ef sá sem var *tilnefndur* réttargæslumaður er ekki *skipaður* síðar til að gegna því starfi ákveður lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans þóknun hans, sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Réttargæslumaður lætur dómara í té upplýsingar um umfang vinnu sinnar og hefur dómari það til hliðsjónar við ákvörðun þóknunar.⁶⁹ Dómarar eru ekki bundnir af þeim gögnum sem réttargæslumaður afhendir heldur er þeim frjálst að ákvarða það sem þeir telja hæfilega þóknun. Í mörgum tilfellum dæmir dómari ekki í samræmi við uppgefna vinnu heldur dæmir mun lægri þóknun, jafnvel án þess að gagnaðili hafi gert athugasemdir við tímaskýrslu réttargæslumanns.⁷⁰ Í 1. mgr. 4. gr. tilkynningar dómstólaráðs um viðmiðunarreglur fyrir héraðsdómstólana í sakamálum nr. 1/2010 segir aftur á móti að þóknun réttargæslumanns sé greidd samkvæmt réttmætri, sundurliðaðri og tímasettri skýrslu um starf hans. Í Hrd. 9. nóvember 2000 í máli nr. 290/2000 má sjá til hvaða atriða Hæstiréttur lítur við ákvörðun þóknunar réttargæslumanns. Þar segir:

Við ákvörðun þóknunar verður að líta til hlutverks réttargæslumanna brotþola og umfangs málsins svo og þess hvers vænta má af réttargæslumanni við framgang málsins í þágu hans, svo sem mótun og framsetningu kröfugerðar um bætur. Mál þetta er umfangsmikið og þótt réttargæslumenn hafi almennt ekki stórt hlutverk við flutning slíkra mála verður að ætla að þeir séu viðstaddir skýrslutökur lögreglu af skjólstæðingi sínum og við aðalmeðferð málsins að minnsta kosti meðan skýrsla er tekin af ákærða og helstu vitnum og tjái sig í stuttu máli um kröfu skjólstæðings síns. Þá hlýtur nokkur tími að fara til undirbúnings kröfugerðar. Kröfugerð réttargæslumanna í héraði varð óþarflega umfangsmikil og ekki var sýnileg þörf á viðveru þeirra allan þann tíma er aðalmeðferð stóð. Framangreind sjónarmið verða höfð í huga við ákvörðun þóknunar til réttargæslumanna, svo sem hún verður nánar ákveðin í dómsorði.

Þóknun réttargæslumanns telst til sakarkostnaðar í máli, sbr. a-lið 1. mgr. 216. gr. sakamálalaga og greiðist úr ríkissjóði. Með reglugerð um tímagjald við ákvörðun þóknunar til verjenda og réttargæslumanna, nr. 715/2009, var ákveðið að réttargæslumaður skyldi fá

⁶⁸ Alpt. 2007-2008, A deild, 1425.

⁶⁹ Hjörtur O. Aðalsteinsson, 'Hinn launhelgi glæpur' (n. 44) 199.

⁷⁰ Árni Helgason, „Úttekt á viðhorfum til málskostnaðarákvarðana dómstóla“ (2012) 18 Lögmannablaðið 6, 6.

10.000 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir störf sín. Árið 2008 var þetta tímagjald 11.400 kr. en lækkaði í kjölfar bankahrunsins.⁷¹ Tímakaupið þótti frekar lágt þegar það var ákveðið og síðan þá hefur það ekki verið endurskoðað, þrátt fyrir að verðlag hafi almennt hækkað töluvert. Þá hefur taxti lögmanna einnig hækkað og algengt tímagjald á lögmannsstofum í dag er 18.000-22.000 kr.⁷² Reglugerðin hefur verið gagnrýnd harkalega, meðal annars af Brynjari Níelssyni, formanni Lögmannafélagsins. Í pistli sem hann ritaði í Lögmannablaðið árið 2012 segir: „Í hugum margra er hér um hreina aðför að lögmönnum að ræða. Undir það má taka. Það er ólíðandi að þeir lögmenn sem taka að sér vörn í sakamálum, eða önnur réttargæslustörf, þurfi að sæta því að fá ekki greitt eðlilega þóknun fyrir vinnu sína.“⁷³ Það er því ljóst að lögmenn er almennt mjög ósáttir með fjárhæð þóknunar réttargæslumanna. Starfandi dómara hafa meira að segja tjáð sig um að margir dómara vanmeti störf réttargæslumanna og úrskurði þeim því ekki eðlilega þóknun fyrir störf þeirra.⁷⁴

Þegar miskabótakröfu brotþola er vikið til meðferðar í einkamáli á réttargæslumaður rétt á þóknun fyrir störf sín fram að því að krafan var skilin frá sakamálinu. Eftir það gilda reglur laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, um ákvörðun málskostnaðar en samkvæmt 3. mgr. 129. gr. laganna er málskostnaður aðeins dæmdur sé hans krafist. Brotþoli verður því að hafa krafist málskostnaðar í upphafi sakamálsins, sbr. c-lið 2. mgr. 173. gr. sakamálalaga.⁷⁵

Það má velta því fyrir sér hvort þær reglur sem gilda um þóknun réttargæslumanns séu til þess fallnar að skaða stöðu brotþola meira en þær bæta hana. Ef lögmaður fær helmingi meira greitt fyrir að vinna að öðrum málum er líklegt að hann eyði meiri tíma í slík mál heldur en að afla gagna um ástand og afleiðingar brots á brotþola. Það er áhyggjuefni að ríkissjóður skuli spara þegar kemur að því að greiða réttargæslumönnum fyrir vinnu sína og að dómstólar fari ekki eftir tímaskýrslum réttargæslumanna. Þá er athyglisvert að ríkissjóður skuli greiða töluvert hærra tímagjald fyrir lögfræðiráðgjöf þegar verið er að gæta hagsmuna ríkisins, heldur en þegar gætt er að hagsmunum brotþola í sakamálum.⁷⁶ Ef lögmenn sem taka að sér störf réttargæslumanna fá ekki greidd viðunandi laun er hætta á

⁷¹ Berglind Svavarsdóttir, „Misræmi milli dómara“ (2012) 18 Lögmannablaðið 8, 8.

⁷² Árni Helgason, 'Úttekt á viðhorfum til málskostnaðarákvarðana dómstóla' (n. 70) 7.

⁷³ Brynjar Níelsson, „Virðingarleysi gagnvart störfum lögmanna“ (2012) 18 Lögmannablaðið 10, 10.

⁷⁴ Svala Ísfeld Ólafsdóttir, *Auðgínt er barn í bernsku sinni* (n. 46) 94.

⁷⁵ Hjörtur O. Aðalsteinsson, 'Hinn launhelgi glæpur' (n. 44) 202.

⁷⁶ Kristján B. Thorlacius, „Ríkið sjálft með mun hærra tímagjald“ (2012) 18 Lögmannablaðið 8, 8.

að erfitt verði að fá lögmenn til að sinna þessu mikilvæga starfi. Þá er einnig hættu á því að þeir sem taka þessi störf að sér sinni þeim ekki eins og þörf er á og leggi ekki nauðsynlega vinnu í þau.

5. Rannsókn á miskabótum fyrir kynferðisbrot gegn börnum

5.1 Rannsóknargögn og rannsóknaraðferð

Í þeim tilgangi að afla upplýsinga um fjárhæð miskabóta í þeim málum þar sem börn hafa verið beitt kynferðisofbeldi voru rannsakaðir dómar Hæstaréttar sem kveðnir voru upp í kynferðisbrotamálum gegn börnum á 10 ára tímabili. Í janúar 2012 féll grundvallardómur í þessum málaflokki og var því ákveðið að rannsóknin skyldi taka til dóma Hæstaréttar á tímabilinu 1. febrúar 2002 til 1. febrúar 2012. Aðeins voru skoðaðir dómar þar sem ákærði var sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn börnum samkvæmt 200., 201., 202. og/eða 209. gr. hgl. Auk þess voru teknir með þeir dómar þar sem sakfelldur var fyrir brot gegn barni yngri en 15 ára en brotið heimfært undir 194. gr. hgl.⁷⁷ Dómar á umræddu tímabili voru samtals 70 og fjöldi brotþola 126. Fjöldi þolenda í hverju máli sem rannsóknin tók til var allt frá einu barni upp í átta. Í flestum tilfellum, eða í 42 málum, var aðeins um einn brotþola að ræða. Í töflu 1 má sjá hversu margir brotþolar voru í málunum 70.

Sakfelldur fyrir brot gegn einu barni	42
Sakfelldur fyrir brot gegn tveimur börnum	13
Sakfelldur fyrir brot gegn þremur börnum	9
Sakfelldur fyrir brot gegn fjórum börnum	2
Sakfelldur fyrir brot gegn fimm börnum	2
Sakfelldur fyrir brot gegn sex börnum	1
Sakfelldur fyrir brot gegn sjö börnum	0
Sakfelldur fyrir brot gegn átta börnum	1
Samtals	70


Fyrst voru dómarnir reifaðir og við það var stuðst við rit Ragnheiðar Bragadóttur, *Kynferðisbrot: Dómabók*, þar sem hún reifar alla dóma Hæstaréttar í kynferðisbrotamálum

⁷⁷ Um er að ræða tvo dóma, Hrd. 24. maí 2007 í máli nr. 36/2007 og Hrd. 11. desember 2008 í máli nr. 229/2008. Í fyrri málinu var brotið gegn 13 ára stúlku en 14 ára stúlku í seinna málinu. Í bæði skiptin var ekki talið sannað að ákærði hafi vitað að stúlkurnar væru yngri en 15 ára.

frá ársbyrjun 1992 til ársloka 2008.⁷⁸ Því næst var útbúinn listi yfir almenn atriði sem snúa að rannsókninni og tengjast eðli brotanna, miskabótakröfum og dæmdri bótafjárhæð í héraðsdómi og Hæstarétti. Fyllt var út í listann fyrir hvern og einn brotþola af þeim 126 sem rannsóknin tók til. Að því loknu voru gögnin greind og unnið úr þeim. Þá voru allar bótafjárhæðir leiðréttar fyrir áhrifum verðbólgu og framreiknaðar til ársins 2012.

5.2 Krafa um miskabætur

5.2.1 Er alltaf lögð fram krafa um miskabætur?



Mynd 1

Rannsóknin leiddi í ljós að í málum þessara 126 brotþola var lögð fram miskabótakrafa fyrir hönd allra þeirra nema tveggja. Í Hrd. 6. mars 2003 í máli nr. 511/2002 var ákærði sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn þremur börnum, fimm ára gömlum dreng og tveimur þriggja ára systurdætrum sínum. Aðeins var krafist miskabóta fyrir hönd drengsins og annarrar stúlkunnar. Engin bótakrafa var lögð fram af hálfu hinnar stúlkunnar og engin skýring gefin á því. Í Hrd. 1. nóvember 2007 í máli nr. 287/2007 var ákærði sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn sex börnum, þar á meðal stúlkunni C sem var 12 ára. Ákærði var sakfelldur fyrir að hafa káfað á brjóstum stúlkunnar utanklæða og varðaði háttsemin við 2. mgr. 202. gr. hgl. Ekki var krafist miskabóta fyrir hönd stúlkunnar en í niðurstöðu héraðsdóms, sem staðfest var í

⁷⁸ Ragnheiður Bragadóttir, *Kynferðisbrot: dómaþókk* (Codex 2009) 209–359.

Hæstarétti, segir: „Fram er komið að stúlkunni muni ekki hafa orðið meint af þessu og því hafi ekki verið gerð bótakrafa af hennar hálfu“. Ekki er að finna upplýsingar um það í dóminum hver það var sem hélt því fram að stúlkunni hefði ekki orðið meint af brotinu.

Í tveimur tilvikum hafði sakborningur þegar greitt brotþola miskabætur þegar mál fór fyrir Hæstarétt, þ.e. í Hrd. 15. október 2009 í máli nr. 676/2008 og Hrd. 12. nóvember 2009 í máli nr. 176/2009. Hér var því augljóslega gerð krafa um miskabætur.

Það er því nánast undantekningarlaust lögð fram miskabótakrafa fyrir hönd barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi, eða í málum 98% brotþola á rannsóknartímabilinu.

5.2.2 Er alltaf fallist á greiðslu miskabóta?



Mynd 2

Hæstiréttur fékk til meðferðar miskabótakröfur 120 brotþola, af þeim 126 sem rannsóknin náði til. Eins og fram er komið var ekki krafist miskabóta vegna tveggja brotþola og aðrir tveir höfðu fengið greiddar bætur áður en mál þeirra fór fyrir dóm. Í Hrd. 6. mars 2003 í máli nr. 511/2002 var dómi héraðsdóms um greiðslu miskabóta og bótafjárhæð ekki áfrýjað vegna tveggja brotþola og kom því ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti. Aðrir brotþolar gerðu miskabótakröfu fyrir Hæstarétti.

Hæstiréttur féllst á 98% miskabótakrafnanna en aðeins tveir brotaþolar fengu ekki dæmdar bætur. Var bótakröfu þeirra vísað frá, sbr. Hrd. 21. febrúar 2002 í máli nr. 11/2001⁷⁹ og Hrd. 7. október 2004 í máli nr. 150/2004.⁸⁰

Alls fengu 122 brotaþolar greiddar miskabætur á rannsóknartímabilinu eða um 97%, þ.e. allir nema þeir tveir sem ekki kröfðust bóta og þeir tveir brotaþolar sem ekki fengu bætur þar sem kröfum þeirra var vísað frá. Hæstiréttur sýknaði aldrei sakborning, sem sakfelldur var fyrir kynferðisbrot gegn barni, af miskabótakröfu brotaþola. Svo virðist sem Hæstiréttur dæmi gerendur alltaf til greiðslu miskabóta hafi slík krafa verið sett fram og engar frávísunarástæður hafa verið til staðar.

Í þessu samhengi má nefna Hrd. 27. maí 2010 í máli nr. 42/2010. Þar var ákærði sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn dóttur sinni, A og vinkonu hennar, B, þegar þær voru 12 ára. Brot hans gegn stúlkunum vörðuðu við 2. mgr. 202. gr. hgl. en auk þess varðaði brot hans gegn dóttur sinni við 2. mgr. 200. gr. hgl. Krafist var miskabóta fyrir hönd beggja stúlkanna. Að fjárhæð 900.000 kr. vegna A og 500.000 kr. vegna B. Í málinu lágu fyrir sérfræðigögn um báðar stúlkurnar og kom uppeldis- og afbrotafræðingur fyrir dóminn og sagði frá viðtölum sínum við stúlkurnar. Í dómnum segir:


Vitnið kvaðst hafa hitt B fimm sinnum, en hlé hefði verið gert á viðtölunum því henni líði vel í dag. Vitnið sagði að togstreita hefði verið í B, en hún hefði unnið sig frá því. Hún hefði verið hrædd við að hitta ákærða en annars hefði hún ekki hugsað mikið um það sem gerðist. Vitnið sagði að B gæti hugsanlega þurft á einu eða tveimur viðtölum að halda í viðbót, en gott væri að láta fyrst nokkurn tíma líða.

Eins og sjá má var niðurstaða sérfræðingsins sú að stúlkunni líði vel. Ákærði var samt sem áður dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð 200.000 kr. Þegar bæturnar eru framreiknaðar til ársins 2012 nema þær rúmum 215.000 kr.

⁷⁹ X var sakfelldur fyrir að brjóta í tvígang gegn systursyni sínum þegar hann var 11 ára gamall. Brotin vörðuðu við 1. ml. 1. mgr. 202. gr. hgl. og var hann dæmdur í 12 mánaða fangelsi, þar af voru 9 mánuðir skilorðsbundnir. Í héraði var farið fram á miskabætur fyrir hönd drengsins að fjárhæð 3.535.000 kr. en héraðsdómur sýknaði X og féllst því ekki á bætur. Í Hæstarétti hljóðaði miskabótakrafan upp á 2.500.000 kr. en henni var vísað frá þar sem hún hafði ekki verið efnislega dæmd í héraði, sbr. þágildandi 1. mgr. 173. gr. laga nr. 19/1991.

⁸⁰ X var sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn 13 ára stúlku en hann var sjálfur þremur árum eldri en hún. Braut hann gegn henni í tvö skipti og vörðuðu brotin við 1. mgr. 202. gr. hgl. Var hann dæmdur í sex mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvo ár. Réttargæslumaður stúlkunnar krafðist þess að X yrði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð 1.000.000 kr. Kröfunni var beint að manningnum sjálfum en þar sem hann var ófjárráða vegna æsku var kröfunni vísað frá dómi enda hefði átt að beina henni að lögráðamanni hans.

5.2.3 Hversu háar bætur eru dæmdar miðað við framlagða kröfu?



Mynd 3

Alls 118 brotapolar fengu dæmdar miskabætur í Hæstarétti. Hér má sjá hlutfall dæmdra bóta af framlagðri miskabótakröfu í málum 117 brotapola.⁸¹ Eins og sjá má er algengast að Hæstiréttur fallist á 21-40% af framlagðri bótakröfu. Aðeins í málum 16 barna, eða tæp 14% brotapola, var fallist á 81-100% af kröfum þeirra.

Svo virðist sem réttargæslumenn, sem setja fram bótakröfurnar, og dómstólar séu almennt ekki sammála um hversu háar bætur þolendur þessara brota eiga rétt á. Hafa þarf í huga að réttargæslumaður getur sett fram eins háa kröfu og hann treystir sér til að rökstyðja en dómstólar fara eftir eldri dómafordæmum. Hvergi í lögum eru dómstólar skyldaðir til að fara eftir fordæmum en reynslan sýnir að Hæstiréttur víkur sjaldan frá fyrri úrlausnum.⁸² Það má því velta fyrir sér hvort bótakröfur í þessum málaflokki séu almennt of háar þar sem réttargæslumenn krefjast vísvitandi mjög hárra bóta, vegna þess að dómstólar skera hvort eð er úr um fjárhæðina. Í einum dómi mátti þó skilja orð Hæstaréttar svo að hann teldi að bótakrafa hefði átt að vera hærri. Í Hrd. 26. nóvember 2009 í máli nr. 358/2009 var ákærði sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn fimm ára dóttur sinni en brot hans vörðuðu við 2. mgr.

⁸¹ Í Hrd. 23. apríl 2008 í máli nr. 658/2007 vantar upplýsingar um þá fjárhæð sem einn þolendanna gerði kröfu um.

⁸² Sigurður Línal, *Um lög og lögfræði: grundvöllur laga - réttarheimildir* (2. útg., Hið íslenska bókmenntafélag 2007) 193.

200. gr. og 2. mgr. 202. gr. hgl. krafist var miskabóta að fjárhæð 250.000 kr. fyrir hönd stúlkunnar og var fallist á hana að fullu. Í niðurstöðu héraðsdóms, sem staðfest var í Hæstarétti, segir: „Er bótakrafan tekin til greina að fullu enda þykir hún í hóf stillt.“ Hér má vera að Hæstiréttur sé að gefa í skyn að hann hefði dæmt hærri bætur ef framlögð krafa hefði verið hærri.

5.3 Sérfræðigögn

Það er brotþola að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni og hvert tjónið sé. Sumir halda því fram að dómstólar hafi slakað á kröfum til sönnunar á umfangi miska og að dómvenja hafi skapast um að þolendur kynferðisofbeldis fái dæmdar miskabætur þrátt fyrir að takmörkuð gögn liggja fyrir um afleiðingar brotsins á viðkomandi brotþola.⁸³ Eins og fram hefur komið fá börn sem verða fyrir kynferðislegri misnotkun greiddar miskabætur í nær öllum tilfellum og dómstólar hafa hvað eftir annað látið nægja að vísa almennt í 26. gr. skaðabótalaga og taka fram að „slíkur verknaður sé til þess fallinn að valda brotþola sálrænum erfiðleikum“. Dómstólar dæma því bætur þrátt fyrir að engin sérfræðigögn hafi verið lögð fram um líðan brotþola og þær afleiðingar sem brotið hefur haft á hann.⁸⁴ Sem dæmi má nefna Hrd. 26. febrúar 2004 í máli nr. 464/2003. Þar var ákærði sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn þremur stúlkum, Y, Z og Þ. Ákærði var afi bestu vinkonu Y, ömmubróðir Z og afi Þ. Hann var sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 202. gr. hgl. en auk þess vörðuðu brot hans gegn Y einnig við 1. mgr. ákvæðisins. Í niðurstöðu héraðsdóms, sem staðfest var í Hæstarétti, segir:


Brot þau gegn 202. gr. almennra hegningarlaga, sem sakfelld er fyrir í máli þessu, eru almennt til þess fallin að valda þeim sem fyrir verða margvíslegum sálrænum erfiðleikum og eiga því stúlkurnar rétt á miskabótum úr hendi ákærða og verða bætur til þeirra ákveðnar með vísan til 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993.

Var ákærði dæmdur til að greiða stúlkunum miskabætur að fjárhæð 150.000 kr. til Y, 200.000 kr. til Z og 600.000 kr. til Þ. Þegar bætur stúlkanna eru framreiknaðar til ársins 2012 nema þær 250.000, 333.333 og 1.000.000 kr. Þrátt fyrir þetta eru sérfræðigögn til stuðnings bótakröfu í flestum tilvikum lögð fram í dómi, svo sem skýrslur sálfræðinga, geðlækna, félagsfræðinga eða sérfræðinga í Barnahúsi.

⁸³ Ása Ólafsdóttir, 'Kynferðisbrot og ákvörðun miskabóta' (n. 2) 36.

⁸⁴ Hjörtur O. Aðalsteinsson, 'Hinn launhelgi glæpur' (n. 44) 194.

5.3.1 Hvernig er sýnt fram á miska brotaþola?



Mynd 4

Skoðað var hvernig sýnt var fram á miska þeirra 120 brotaþola sem lögðu fram miskabótakröfu í Hæstarétti. Í málum 76 brotaþola, eða í 63% tilfella, voru lögð fram sérfræðigögn til stuðnings kröfunni. Í málum 44 brotaþola, eða í 37% tilfella, var leitast við að sýna fram á miska þolanda með almennum hætti, svo sem með vitnisburði foreldra og vina og með því að vísa til þess að kynferðisbrot séu almennt til þess fallin að valda börnum miska.

Þrátt fyrir að Hæstiréttur hafi hvað eftir annað dæmt börnum miskabætur án þess að sérfræðigögn hafi verið til staðar um tjón þeirra, hefur hann stundum tekið það sérstaklega fram í niðurstöðu sinni að engin sérfræðigögn hafi verið lögð fram. Í þeim tilvikum má velja því fyrir sér hvort Hæstiréttur sé að gagnrýna það að réttargæslumenn hafi ekki lagt meiri vinnu í að sýna fram á afleiðingar brots. Í Hrd. 13. febrúar 2003 í máli nr. 394/2002 var ákærði sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn tveimur 13 ára stúlkum. Í niðurstöðu Hæstaréttar segir:

Engin sérfræðigögn hafa verið lögð fram um líðan þeirra nú og um hugsanleg varanleg áhrif verknaðarins á þær. Þó er ljóst, að slíkur verknaður og hér um ræðir, er til þess fallinn að valda þeim, sem fyrir verður, sálrænum erfiðleikum, og er því rétt að dæma telpunum nokkrar bætur, sem þykja hæfilega ákveðnar 200.000 krónur til X og 300.000 krónur til Y með dráttarvöxtum eins og ákveðið var í héraðsdómi.

Hæstiréttur hefur gengið svo langt að lækka þá fjárhæð sem héraðsdómur hefur dæmt vegna þess að sérfræðigögn vantaði. Í Hrd. 17. september 2009 í máli nr. 19/2009 var ökukennari sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn fjórum drengjum sem voru nemendur hans. Brot hans gegn drengjunum A og B vörðuðu við 1. mgr. 201. gr. hgl. og var hann krafinn um miskabætur að fjárhæð 2.000.000 kr. fyrir hönd þeirra beggja. Héraðsdómur dæmdi manninn til að greiða báðum drengjunum bætur að fjárhæð 1.500.000 en Hæstiréttur lækkaði bótafjárhæðina vegna skorts á sérfræðigögnum. Í niðurstöðu Hæstaréttar segir: „Í málinu liggja ekki fyrir sérfræðileg gögn um afleiðingar brota ákærða á þolendur þeirra. Að því gættu er hæfilegt að ákærða verði gert að greiða A og B hvorum 1.000.000 krónur í miskabætur...“

Af þessu er má draga þá ályktun að Hæstiréttur leggi töluverða áherslu á að sérfræðigögn séu lögð fram og vilji að réttargæslumenn afli upplýsinga um afleiðingar brots á sérhvern brotapolu.


5.3.2 Eru frekar lögð fram sérfræðigögn í alvarlegri málum?

Við framkvæmd rannsóknarinnar var þeim málum sem miskabótakrafa þolanda var til meðferðar fyrir Hæstarétti skipt í þrjú stig eftir alvarleika brotanna. Á fyrsta alvarleikastigi er að finna alvarlegustu brotin, þ.e. þegar um samræði eða önnur kynferðismök við barn er að ræða. Þá koma brot sem fela í sér aðra kynferðislega áreitni og loks brot gegn blygðunarsemi barna. Algennt er að sakfelld sé fyrir brot gegn fleiri en einu ákvæði og í þeim tilfellum var verknaðurinn flokkaður eftir alvarlegasta brotinu. Hafa þarf í huga að þrátt fyrir að tvö brot falli undir sama lagaákvæði geta þau verið mjög mismunandi. Þannig getur hinn refsiverði verknaður verið ítrekaður og staðið yfir árum saman eða um einstakt atvik er að ræða.

Tafla 2 Alvarleikastig brota

Alvarleikastig	Ákvæði sem brot fellur undir	Fjöldi brotþola
Fyrsta alvarleikastig	1. mgr. 200., 1. mgr. 201., 1. mgr. 202. gr., 3. mgr. 202. gr., 4. mgr. 202. gr. ⁸⁵ og 194. gr. hgl.	76
Annað alvarleikastig	2. mgr. 200., 2. mgr. 201. og 2. mgr. 202. gr. hgl.	29
Þriðja alvarleikastig	209. gr. hgl.	15
Samtals		120


Skoðað var hvort sérfræðigögn um afleiðingar brota væru frekar lögð fram í þeim málum sem tilheyra fyrsta alvarleikastigi heldur en öðru eða þriðja.



Mynd 5


Brot gegn 76 brotþolum tilheyra fyrsta alvarleikastigi þar sem hinn refsiverði verknaður fól í sér samræði eða önnur kynferðismök. Sérfræðigögn voru lögð fram um líðan og afleiðingar brota á 54 þolendur sem gerir um 71% þeirra brotþola sem tilheyra þessu stigi. Í málum 22 brotþola, eða í um 29% tilfella, var látið nægja að vísa til almennra gagna til að sýna fram á miska.

⁸⁵ 4. mgr. 202. gr. hgl. var felld úr lögnum með breytingarlögum nr. 54/2009 en hún hljóðaði svo: „Hver sem greiðir barni eða ungmenni yngra en 18 ára endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök skal sæta fangelsi allt að 2 árum.“



Mynd 6

Brot sem beindust að 29 brotþolum tilheyrja öðru alvarleikastigi. Í málum þessara 29 brotþola var lögð vinna í að afla sérfræðigagna í málum 17 þeirra, eða um 59% þeirra brotþola sem tilheyrja öðru alvarleikastigi. Aðeins var vísað til almennra gagna í málum hinna 12 þolenda, eða í um 41% tilfella.



Mynd 7

Brotið var gegn blygðunarsemi 15 brotþola og tilheyrja þeir því þriðja alvarleikastigi. Aðeins voru lögð fram sérfræðigögn til að sýna fram á miska 5 brotþola sem er þriðjungur þeirra

sem falla undir þriðja alvarleikastig. Í málum hinna 10 var leitast við að sýna fram á miska þeirra með almennum hætti.


Eins og sjá má á myndum fimm til sjö virðast réttargæslumenn frekar leggja vinnu í að afla sérfræðigagna til að sýna fram á miska brotþola í alvarlegri málunum. Á fyrsta alvarleikastigi voru sérfræðigögn lögð fram í málum 71% brotþola, á öðru alvarleikastigi lækkar hlutfallið niður í 59% og á þriðja alvarleikastigi eru aðeins lögð fram sérfræðigögn í málum 33% brotþola. Það má velta því fyrir sér hvort réttargæslumönnum þyki einfaldlega óþarfi að afla slíkra gagna í málum sem eru ekki eins alvarleg vegna þess að Hæstiréttur dæmir bætur nær undantekningarlaust þrátt fyrir að engin sérfræðigögn liggja fyrir.

5.3.3 Eru bætur frekar dæmdar í málum þar sem sérfræðigögn liggja fyrir?

Eins og fram hefur komið féllst Hæstiréttur alltaf á greiðslu miskabóta, nema í tilfellum tveggja brotþola. Miskabótakröfu þeirra var vísað frá vegna formgalla. Í Hrd. 21. febrúar 2002 í máli nr. 11/2001 lágu fyrir sérfræðigögn um andlegt atgervi þolanda og áhrif brota ákærða á hann en kröfunni var vísað frá þar sem hún hafði ekki verið efnislega dæmd í héraði. Í Hrd. 7. október 2004 í máli nr. 150/2004 lágu engin skrifleg gögn fyrir um afleiðingar brota á brotþola og var kröfunni vísað frá þar sem henni var beint að röngum aðila.

Ekki virðist skipta máli hvort sérfræðigögn séu lögð fram í málum af þessu tagi um afleiðingar brots á heilsu þolanda þar sem Hæstiréttur fellst í nær öllum tilvikum á greiðslu miskabóta, óháð því hvort slík gögn liggja fyrir. Aftur á móti má velta því fyrir sér hvort það hafi áhrif á þá fjárhæð sem þolanda er dæmd. Um það vísast til kafla 5.3.5.


5.3.4 Eru framlagðar kröfur hærrí þegar lögð hefur verið vinna í að meta afleiðingar?



Mynd 8

Hér má sjá meðalfjárhæð framlagðra krafna á hverju alvarleikastigi. Vinstri súlan sýnir þær kröfur sem studdar voru með sérfræðigögnum og sú hægri sýnir þær kröfur sem rökstuddar voru með almennum hætti. Á öllum alvarleikastigum var meðaltal framlagðra krafna hærra þar sem vinna hafði verið lögð í að meta afleiðingar brots á þolanda.

5.3.5 Eru dæmdar bætur hærrí þegar sérfræðigögn eru lögð fram?



Mynd 9

Hér má sjá meðalfjórðing dæmdra bóta á hverju alvarleikastigi. Vinstri súlan sýnir meðalfjórðing dæmdra bóta þar sem lögð voru fram sérfræðigögn um afleiðingar brots á þolanda og sú hægri meðalfjórðing dæmdra bóta þar sem bótakrafa var rökstudd með almennum hætti. Á öllum alvarleikastigum var meðaltal dæmdra bóta töluvert hærra þar sem sérfræðigögn voru lögð fram til stuðnings bótakröfu.

5.4. Refsingar við kynferðisbrotum gegn börnum

Löggjafinn og dómstólar verða að takast á við það erfiða starf að meta hvaða refsing er hæfileg fyrir kynferðisbrot gegn börnum. Löggjafinn hefur lögfest þungar refsingar við þessum brotum og dómstólar verða að ákveða refsingar í hverju máli fyrir sig innan refsimarka viðeigandi ákvæða.⁸⁶ Almennur krefst þess að kynferðisbrotamenn hljóti þunga dóma og hafa dómstólar oft verið gagnrýndir fyrir væga dóma og strangar sönnunarkröfur í þessum málaflokkum.⁸⁷

Með lögum nr. 61/2007 voru gerðar þýðingamiklar breytingar á kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga. Mikilvægustu breytingarnar sem varða kynferðisbrot gegn börnum eru þær að annars vegar voru refsimörk fyrir slík brot hækkuð og hins vegar var fyrningarreglunum breytt.

Lagabreytingarnar höfðu í för með sér að refsihámark fyrir kynferðislega áreitni gegn börnum var hækkað um tvö ár. Ástæðan fyrir breytingunni var meðal annars sú að of mikill munur þótti vera á refsihámarki 1. mgr., þegar brotið er fólgið í kynferðismökum, og 2. mgr. þegar um er að ræða kynferðislega áreitni. Í sumum tilvikum getur munað litlu á því hvort brot teljist falla undir kynferðismök eða kynferðislega áreitni.⁸⁸ Refsimörk 1. mgr. 202. gr. voru einnig hækkuð. Löggjafinn var sérstakt refsilágmark, eins árs fangelsi, og hámarkið hækkað úr 12 árum í 16 ár. Lagabreytingarnar fólu í sér að undantekning var gerð frá ríkjandi sjónarmiði í refsirétti um að ekki væri sérstakt refsilágmark lögfest í ákvæðum um einstakar brotategundir en alvarleiki kynferðisbrota gegn börnum þótti réttlæta það. Samræði eða

⁸⁶ Ragnheiður Bragadóttir, „Refsingar fyrir kynferðisbrot gegn börnum“ í Svala Ísfield Ólafsdóttir (ritstj.), *Hinn launhelgi glæpur: kynferðisbrot gegn börnum* (Háskólaútgáfan 2011) 174.

⁸⁷ Hjörtur O. Aðalsteinsson, 'Hugleiðingar um kynferðisbrot í ljósi lagabreytinga og nýlegra dóma.' (n. 62) 112.

⁸⁸ Alþt. 2006-2007, A deild, 560.

önnur kynferðismök við barn yngra en 15 ára telst nú, ásamt nauðgun, til alvarlegustu kynferðisbrotanna.⁸⁹

Umræddar lagabreytingar miða að því að þyngja refsingar fyrir kynferðisbrot gegn börnum. Ragnheiður Bragadóttir hefur rannsakað refsingar í þessum málaflokki og þróun þeirra frá árinu 1996. Telur hún að refsingar séu almennt að þyngjast og svo virðist sem ákall samfélagsins í þá átt hafi haft áhrif fyrir lagabreytinguna frá 2007. Lagabreytingin hafi þannig falið í sér staðfestingu á þeirri þróun sem þegar var hafin.⁹⁰ Þá virðast dómstólar þegar vera farnir að taka tillit til lagabreytinganna og sem dæmi um það má nefna Hrd. 22. janúar 2009 í máli nr. 527/2008. Þar var ákærði sakfelldur fyrir ítrekuð kynferðisbrot gegn 11 til 12 ára stjúp dóttur sinni. Var hann dæmdur í sex ára fangelsi fyrir brot sín með eftirfarandi rökstuðningi:

Dómurinn telur að Hæstiréttur Íslands hafi á liðnum misserum almennt þyngt refsingar vegna kynferðisbrota. Eigi það m.a. við um brot gegn 201. og 202. gr. laga nr. 19/1940, en nýverið hafa verið gerðar breytingar á XXII. kafla laga nr. 19/1940 til að kveða á um að mál þessi verði tekin fastari tókum en áður. Með vísan til alls þessa, sbr. og 1., 2., 6. og 7. tl. 1. mgr. og 3. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940 er refsing ákærða ákveðin fangelsi í sex ár.

Þá hafa nýlega fallið tveir dómar þar sem ákærði er dæmdur í átta ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn börnum. Í Hrd. 28. maí 2009 í máli nr. 58/2009 var ákærði sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn stjúp dóttur sinni þegar hún var 11 til 14 ára og í Hrd. 19. janúar 2012 í máli nr. 562/2011 var ákærði sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn þremur stúlkum, en hann hafði verið í sambandi með mæðrum tveggja þeirra þegar brotin voru framin. Báðir mennirnir voru dæmdir í átta ára fangelsi en þetta eru þyngstu dómar sem fallið hafa í þessum málaflokki. Aðeins einn dómur er til þar sem dæmd hefur verið þyngri refsing en það er Hrd. 9. júní 1961 í máli nr. 82/1961. Þar var ákærði sakfelldur fyrir að hafa veist að 12 ára stúlku við leikvöll, fært hana með valdi inn á leikvöllinn og inn í skýli og slegið höfði hennar við steinvegg skýlisins, svo að hún missti meðvitund, og þröngvað henni til holdlegs samræðis. Fyrir þetta var hann dæmdur í 10 ára fangelsi en Hæstiréttur leit svo á að um „stórglæp“ væri að ræða.

⁸⁹ Ragnheiður Bragadóttir, 'Hinn launhelgi glæpur' (n. 86) 180.

⁹⁰ sama heimild 188.


Eins og áður kom fram voru einnig gerðar breytingar á fyrningarreglum kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga með lögum nr. 61/2007. Breytingarnar fólu annars vegar í sér að sakir vegna alvarlegra kynferðisbrota gegn börnum fynast ekki og hins vegar að sakfyrningarfrestur í kynferðisbrotum sem ekki þykja jafn alvarleg byrjar ekki að líða fyrr en brotþoli hefur náð 18 ára aldri.⁹¹ Brot samkvæmt 194. gr., 1. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 201. gr. fynast því ekki þegar brotið er framið gagnvart barni yngra en 18 ára. Fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 197.-199. gr., 2.-3. mgr. 200. gr., 2. mgr. 201. gr. og 202. gr. er mislangur eftir alvarleika þeirra en hann byrjar ekki að líða fyrr en brotþoli hefur náð 18 ára aldri.

Það er ljóst að löggjafinn lítur kynferðisbrot gegn börnum alvarlegri augum en áður. Með lagabreytingunum frá 2007 tók hann mikilvæg skref í átt að bættri réttarstöðu brotþola. Þá hafa refsingarnar verið að þyngjast hægt en bítandi. Í þessu ljósi er fróðlegt að spyrja hvort miskabætur í þessum málaflokki hafi hækkað í samræmi við refsingarnar.

5.4.1 Þróun miskabóta

Í rannsókninni var kannað hvort miskabætur hafi hækkað síðastliðin 10 ár í ljósi þyngri refsinga fyrir brot af þessu tagi og hins aukna alvarleika sem þau fela í sér. Þessi aukni alvarleiki hefur, eins og áður hefur komið fram, birst sem skilaboð frá löggjafarvaldinu með lögum nr. 61/2007, þar sem leitast er við að þyngja refsingar fyrir þessi brot og fyrningarfresturinn afnuminn af alvarlegustu brotunum.

⁹¹ Svala Ísfeld Ólafsdóttir, 'Fyrning kynferðisbrota gegn börnum' (n. 56) 119.



Mynd 10

Hér má sjá meðalfjárhæð dæmdra bóta á þeim árum sem rannsóknin náði til. Alls fengu 118 brotabolar dæmdar miskabætur á rannsóknartímabilinu. Bótafjárhæðirnar voru á bilinu 100.000 kr. til 3.000.767 kr. Lægstu bæturnar fékk stúlkan A í Hrd. 6. maí 2003 í máli nr. 475/2003 þar sem ákærði var sakfelldur fyrir að klípa í brjóst hennar og slá hana í rassinn. Ákærði var dæmdur til að greiða henni bætur að fjárhæð 60.000 kr. en framreiknaðar til ársins 2012 nema bæturnar 100.000 kr. Athygli skal vakin á því að ekki var krafist hærri bóta fyrir hennar hönd og féllst Hæstiréttur á bótakröfu hennar að fullu. Hæstu bæturnar féllu aftur á móti í Hrd. 26. október 2006 í máli nr. 220/2006. Þar var ákærði sakfelldur fyrir ítrekuð kynferðisbrot gegn dóttur sinni þegar hún var 8-14 ára. Var hann dæmdur til að greiða henni bætur að fjárhæð 2.000.000 kr. en framreiknaðar til ársins 2012 nema þær 3.000.767 kr. Þá má nefna Hrd. 19. janúar 2012 í máli nr. 562/2011 en þar var ákærði dæmdur til að greiða stjúpdóttur sinni miskabætur að fjárhæð 3.000.000 kr. Þessi nýlegi dómur felur hugsanlega í sér vísbendingu um að miskabætur fari hækkandi.

Rannsóknargögnin gefa aftur á móti ekki tilefni til að álykta að marktæk hækkun hafi orðið á fjárhæð bóta á rannsóknartímabilinu.

5.5 Helstu niðurstöður rannsókna

Dómarannsóknir af þessu tagi eru erfiðar þar sem brotin eru mjög mismunandi og því erfitt að bera þau saman. Þar sem dómarnir eru einnig heldur fáir getur verið vandamt að draga

af þeim tölfræðilegar ályktanir. Niðurstöður þessarar rannsóknar ættu þó að gefa góðar vísbendingar um rannsóknarefnið.

Rannsóknin leiddi í ljós að nær undantekningarlaust er farið fram á miskabætur fyrir hönd barns sem verður fyrir kynferðisofbeldi eða í um 98% tilfella. Hæstiréttur fellst nánast alltaf á greiðslu bóta en dæmdar bætur eru yfirleitt töluvert lægri en framlögð krafa. Þannig féllst Hæstiréttur í flestum tilvikum á 21-40% af framlagðri bótakröfu. Ekki er hægt að fullyrða hver ástæðan fyrir því er en greinilegt er að réttargæslumenn og dómstólar eru ekki sammála um fjárhæð hæfilegra bóta í þessum málaflokki.

Bótakrafa rúmlega 60% brotþola var studd með sérfræðigögnum, þ.e. með skýrslu sálfræðinga, geðlækna, félagsfræðinga eða annarra sérfræðinga, um afleiðingar brota á þolanda. Tæp 40% krafanna var þó aðeins rökstudd með almennum hætti, svo sem með vitnisburði foreldra og vina og með því að vísa til þess að kynferðisbrot „séu almennt til þess fallin að valda börnum miska“. Þegar brotin höfðu verið flokkuð eftir alvarleika kom í ljós að sérfræðingar eru frekar fengnir til að meta afleiðingar alvarlegri brota heldur en þeirra sem eru ekki eins alvarleg. Hæstiréttur fellst í nær öllum tilvikum á greiðslu bóta óháð því hvort sérfræðigögn eru lögð fram til að sýna fram á miska brotþola. Hvort slík gögn liggja fyrir virðist því ekki hafa áhrif á það hvort fallist er á greiðslu miskabóta eða ekki. Rannsóknin leiddi aftur á móti í ljós að bæði framlagðar kröfur og dæmdar bætur eru hærri þegar vinna hefur verið lögð í að meta afleiðingar brots.

Þá var kannað hvort sýnileg hækkun hefði orðið á fjárhæð dæmdra bóta í þessum málaflokki á síðastliðnum áratug. Vísbendingar eru um að bæturnar fari hækkandi en rannsóknin leiddi ekki í ljós marktæka hækkun dæmdra bóta.

6. Greiðsla ríkissjóðs á bótum til þolenda kynferðisbrota

Þrátt fyrir að Hæstiréttur hafi sakfellt einstakling fyrir kynferðisbrot gegn barni og dæmt hann til að greiða brotþola miskabætur, þarf það ekki að þýða að brotþoli geti treyst því að fá bæturnar greiddar. Greiðslugeta hins brotlega getur verið þannig að engin leið er fyrir brotþola að krefja hann um greiðslu.⁹² Í raun má segja að þessar bætur séu í mörgum tilfellum ekki raunveruleg verðmæti þar sem tjónvaldur hefur sjaldnast möguleika á að

⁹² Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (n. 38) 463.

greiða þær.⁹³ Til að tryggja stöðu þolenda í kynferðisbrotamálum hefur löggjafinn sett lög sem tryggja þeim greiðslu bóta, að minnsta kosti að einhverju leyti.

6.1 Lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995

Hinn 6. maí 1993 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun um ríkisábyrgð á bótagreiðslum vegna grófra ofbeldisbrota: „Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til þess að athuga hvort taka eigi upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgist greiðslur dæmdra bóta vegna grófra ofbeldisbrota, svo sem kynferðisbrota.“⁹⁴ Í kjölfarið var slík nefnd skipuð og samdi hún frumvarp til laga um þetta efni. Frumvarpið varð að lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995 (bpl).

Lögin mæla fyrir um greiðsluskyldu ríkissjóðs í tilteknum tilvikum á skaðabótum sem hafa verið ákveðnar eftir almennum reglum skaðabótaréttar og lögin sem slík geyma engar skaðabótareglur.⁹⁵ Gildissvið laganna er afmarkað í 1. gr. en þar segir:

Ríkissjóður greiðir bætur vegna tjóns sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum í samræmi við ákvæði laga þessara, enda hafi brotið verið framið innan íslenska ríkisins. Í sérstökum tilvikum er heimilt að greiða bætur fyrir tjón sem leiðir af broti sem framið var utan íslenska ríkisins, enda sé tjónþoli búsettur á Íslandi eða íslenskur ríkisborgari.

Lög þessi gilda einnig um líkamstjón sem leiðir af aðstoð við lögreglu við handtöku, borgaralega handtöku eða að afstýra refsiverðri háttsemi.

Í 2.-5. gr. bpl. er mælt fyrir um hvaða tjón eru greiðsluskyld samkvæmt lögnum. Greiddar eru bætur fyrir líkamstjón, miska og munatjón en miski samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga fellur undir 3. gr. laganna. Í III. kafla eru tilgreind skilyrði fyrir bótagreiðslu og fjárhæð bóta, en þriggja manna bótanefnd, sem ráðherra skipar, tekur ákvörðun um greiðslu bóta, sbr. 13. gr. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. er það skilyrði greiðslu bóta að brot, sem tjón er rakið til, hafi án ástæðulauss dráttar verið kært til lögreglu og að tjónþoli hafi gert kröfu um greiðslu skaðabóta úr hendi brotamanns. Vafi getur leikið á hvenær skylda til að kæra brot stofnast og er tjónþoli oft ekki í aðstöðu til þess að kæra þar sem hann er háður brotamanni eða undir valdi hans.⁹⁶ Kynferðisbrot gegn börnum eru einnig þess eðlis að þau koma oft ekki

⁹³ Alpt. 1994-1995, A deild, 3320.

⁹⁴ Alpt. 1992-1993, A deild, 6170.

⁹⁵ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (n. 38) 464.

⁹⁶ sama heimild 468.

upp á yfirborðið fyrr en alllöngu eftir að þau eru framin. Í því sambandi má vísa í niðurstöður rannsóknar Hildar Sifjar Haraldsdóttur á tímalengd frá broti að kæru í málum vegna kynferðisbrota gegn börnum.⁹⁷ Í rannsókn Hildar voru skoðaðir dómur Hæstaréttar frá 1992 til mars 2010 og kannað hversu langur tími leið frá broti á 200.-202. gr. hgl. til þess dags sem kæra var lögð fram. Í málum sem féllu undir 200. gr. liðu að meðaltali fjögur ár frá broti til kæru, fimm og hálf ár í málum sem féllu undir 201. gr. og tvö ár í málum sem féllu undir 202. gr.⁹⁸ Þá gerir 2. mgr. 6. gr. bpl. kröfu um að umsókn um bætur hafi borist bótanefnd innan tveggja ára frá því að brot var framið en víkja má frá skilyrðunum ef veigamikil rök mæla með því, sbr. 3. mgr. 6. gr. laganna. Bótanefnd og dómstólar verða að sýna brotapolum eðlilega tillitssemi hvað þessi skilyrði varðar og virðist Hæstiréttur hafa sýnt þeim ríkan skilning við framkvæmd laganna.⁹⁹ Má sem dæmi nefna Hrd. 10. febrúar 2005 í máli nr. 354/2004. Þar hafði ung kona sótt um greiðslu bóta úr ríkissjóði eftir að Hæstiréttur sakfelldi hálfbróðir hennar fyrir kynferðisbrot gegn henni þegar hún var 10 til 14 ára. Var hann dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð 700.000 kr. Brotin voru framin á tímabilinu 1992 til september 1996 og kæra lögð fram í nóvember 2001. Bótanefnd féllst ekki á kröfu stúlkunnar um greiðslu hámarks bóta úr ríkissjóði þar sem ekki þótti ástæða til þess að víkja frá skilyrðum laganna. Hæstiréttur féllst aftur á móti á kröfu stúlkunnar og dæmdi ríkissjóð til að greiða henni bætur að fjárhæð 600.000 kr., en ríkissjóður greiðir ekki hærri bætur á grundvelli laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolanda afbrota.

Nær undantekningarlaust gera þolendur kynferðisbrota miskabótakröfu á hendur geranda sem dómstólar skera úr um. Dómur um fjárhæð miskabóta er þó ekki alltaf bindandi fyrir bótanefnd því henni er heimilt að fallast á greiðslu á hærri kröfu, sbr. 2. mgr. 11. gr. Bætur fást ekki greiddar nema höfuðstóll kröfunnar sé 400.000 kr. eða hærri, sbr. 1. mgr. 7. gr. og í 2. mgr. er mælt fyrir um hámark einstakra bótaliða. Ríkissjóður greiðir því ekki hærri fjárhæð en 600.000 kr. fyrir miska og engar reglur eru í lögnum um hækkun bótanna, hvorki eftir ákvörðun ráðherra né í samræmi við breytingar á vísitölu.¹⁰⁰ Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. skal draga frá ákvarðaðri fjárhæð greiðslur sem tjónpoli hefur fengið eða samið um að fá greiddar frá tjónvaldi, greiðslur sem falla undir

⁹⁷ Hildur Sif Haraldsdóttir, „Kynferðisbrot gegn börnum. Rannsókn á tímalengd frá broti að kæru“ (BA ritgerð Háskólinn í Reykjavík 2010).

⁹⁸ sama heimild 44.

⁹⁹ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (n. 38) 468.

¹⁰⁰ sama heimild 471.

almannatryggingar, laun í veikindum, lífeyrisgreiðslur eða váttryggingabætur. Það sama gildir um aðra fjárhagsaðstoð sem tjónþoli hefur fengið eða á rétt á vegna tjónsins. Það er því meginregla að allar greiðslur frá þriðja aðila koma til frádráttar þeim bóttum sem greiddar eru á grundvelli laganna.¹⁰¹ Í 17. gr. er kveðið á um að heimilt sé að endurkrefja brotaþola um greiddar bætur ef hann hefur fengið of mikið greitt vegna þess að hann gaf upp rangar upplýsingar eða leyndi þýðingamiklum atriðum, en einnig ef hann hefur fengið tjón sitt bætt síðar með öðrum hætti.

Eftir setningu laganna eiga þolendur kynferðisbrota loks raunhæfan möguleika á að fá greiddar miskabætur þrátt fyrir að tjónvaldur geti ekki staðið straum af greiðslum þeirra. Þó aðeins þeir brotaþolar sem eiga kröfur sem ná 400.000 kr. lágmarkinu. Á rannsóknartímabilinu áttu 44 brotaþolar bótakröfu á hendur geranda sínum, samkvæmt dómi Hæstaréttar, sem var lægri en 400.000 kr. Þeir geta því ekki fengið kröfur sínar greiddar úr ríkissjóði eins og aðrir, en það hlýtur að teljast afar ósanngjarnt.

6.2 Lög um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007, nr. 47/2010

Hinn 16. mars 2007 samþykkti Alþingi lög um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, nr. 26/2007. Nefndin hafði það hlutverk að staðreyna hvort þau börn, sem vistuð voru á opinberum vist- eða meðferðarheimilum á árum áður, hafi sætt illri meðferð á meðan á dvöl þeirra stóð. Nefndin átti að skoða starfsemi stofnananna heildstætt og kanna hvernig opinberu eftirliti var háttað.¹⁰² Á árunum 2008 til 2011 skilaði nefndin ítarlegum skýrslum um níu vist- og meðferðarheimili sem féllu undir lög. Árið 2009 skipaði forsætisráðherra síðan starfshóp sem hafði það hlutverk að semja drög að frumvarpi til laga þar sem mælt væri fyrir um greiðslu bóta til þeirra sem hafa orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi á stofnunum eða heimilum sem heyra undir gildissvið laganna.¹⁰³ Frumvarpið var samþykkt, með smávægilegum breytingum 19. maí 2010 og varð að lögum um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007, nr. 47/2010 (lög um sanngirnisbætur). Bæturnar sem lög mæla fyrir um eru í eðli sínu miskabætur en eru nefndar sanngirnisbætur vegna sérstaks eðlis þeirra enda telur

¹⁰¹ Alþt. 1994-1995, A deild, 3325.

¹⁰² Alþt. 2006-2007, A deild, 5710.

¹⁰³ Alþt. 2009-2010, A deild, þskj. 860 - 494. mál, inngangur.

samfélagið sanngjarnt að greiða viðkomandi einstaklingum bætur, þrátt fyrir að kröfur þeirra séu í flestum tilvikum fyrndar og því ekki skylt samkvæmt almennum réttarreglum að greiða þeim bætur. Í frumvarpinu var lagt til að sanngirnisbætur yrðu metnar á grundvelli svipaðra sjónarmiða og við beitingu 26. gr. skaðabótalaga.¹⁰⁴

Gildissvið laganna er afmarkað í 1. gr. og skilyrði þess að krafa sé tekin til meðferðar kemur fram í 2. gr. Sá sem vistaður var á stofnun eða heimili sem lögin taka til getur krafist sanngirnisbóta, enda liggi fyrir skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 og innköllun sýslumanns. Skilyrði greiðslu sanngirnisbóta er að finna í 3. gr. laganna. Í 1. mgr. segir að greiða skuli sanngirnisbætur úr ríkissjóði á grundvelli laganna hafi vistmaður orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi meðan á vistun hans stóð, sem olli honum varanlegum skaða. Í 2. mgr. er skýrt frá því hvað er átt við með illri meðferð eða ofbeldi. Þar segir:

Með illri meðferð eða ofbeldi er átt við:

- a. hvers kyns refsiverða líkamlega valdbeitingu gagnvart barni og aðra líkamlega valdbeitingu þar sem valdið er óþarfa sársauka,
- b. ógnandi, vanvirðandi eða niðurlægjandi athafnir gagnvart barni,
- c. athafnir til þess fallnar að misbjóða barni eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hættu búin.

Í 3. mgr. segir að með varanlegum skaða sé átt við varanlegar neikvæðar líkamlegar, sálrænar eða félagslegar afleiðingar.

Fjallað er um fjárhæð sanngirnisbóta í 4. gr. laganna en þar kemur fram að við ákvörðun um fjárhæð bóta skuli litið til alvarleika ofbeldis eða illrar meðferðar. Þá skal einnig litið til dómaframkvæmdar á sambærilegum sviðum. Hámark bótafjárhæðar er 6.000.000 kr. en það breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við vísitölu neysliverðs, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Eftir að einstaklingur hefur krafist bóta á grundvelli laganna gerir sýslumaður viðkomandi sáttarboð samkvæmt 1. mgr. 6. gr. en fallist hann ekki á boð sýslumanns getur brotapolí leitað til úrskurðarnefndar samkvæmt 7. gr. laganna.

¹⁰⁴ Alþt. 2009-2010, A deild, þskj. 860 - 494. mál, Nauðsyn lagasetningar – valkostir, mgr. 5.

6.3. Samantekt

Eins og fram hefur komið er það augljós vilji löggjafans að brotapolar fái tjón sitt bætt. Stigið hefur verið ákveðið skref í þá átt að tryggja börnum sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi að minnsta kosti einhverjar bætur frá ríkissjóði.

Á rannsóknartímabilinu var fjárhæð þeirra bóta sem brotapolar fengu dæmdar á bilinu 100.000 til 3.000.000 kr. Þar sem lögum um sanngirnisbætur eru enn frekar ný er lítil reynsla komin á þau. Þó verður að teljast jákvætt að hámark bóta sé 6.000.000 kr. sem er 10 sinnum hærra en í lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Hafa þarf í huga að sanngirnisbótum er ætlað að bæta upp fyrir fleira en kynferðislegt ofbeldi. Hámarksbætur samkvæmt lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota hljóta að teljast of lágar. Í desember 1995 þótti löggjafanum 600.000 kr. hæfileg fjárhæð bóta fyrir miska. Sú upphæð hefur ekki verið endurskoðuð síðan þá, þrátt fyrir að verðgildi þeirra hafi rýrnað verulega.¹⁰⁵ Sé fjárhæðin framreiknuð til 2012 nemur hún rúmum 960.000 kr. og er því greinilegt að fjárhæð laganna hefur ekki haldið í við almennt verðlag í landinu. Þá hafa dæmdar bætur í umræddum málaflokki farið hækkandi og því eðlilegt að lögunum sé breytt í samræmi við það. Það hlýtur því að vera kominn tími til að löggjafinn endurskoði lögum með tilliti til þessa og hækki hámarksbótafjárhæðina. Þá ætti að binda fjárhæðina við vísitölu neysluverðs þannig að hún breytist 1. janúar ár hvert, rétt eins og hefur verið gert í 2. mgr. 4. gr. laga um sanngirnisbætur.

Sá hængur er á framkvæmd laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota að samkvæmt 19. gr. þeirra getur ríkissjóður krafist tjónvald um þá upphæð sem ríkissjóður hefur greitt. Þegar brot er framið innan fjölskyldu, jafnvel af framfæranda barns, er hætta á að bótakrafan bitni á barninu. Það mætti því kanna hvort ekki væri eðlilegra að þessar bætur væru hluti af almannatryggingarkerfinu.¹⁰⁶ Þá ætti ríkissjóður að geta tekið það á sínar herðar að greiða þolendum afbrota bætur fyrir tjón sitt. Best væri ef ríkissjóður sæi alfarið um greiðslu slíkra bóta, að minnsta kosti í þeim tilfellum sem sakborningur er ekki borgunarmaður fyrir þeim og þegar líkur eru á að bótakrafan bitni á þolanda.

¹⁰⁵ Ása Ólafsdóttir, 'Kynferðisbrot og ákvörðun miskabóta' (n. 2) 56.

¹⁰⁶ Hrefna Friðriksdóttir, „Kynferðislegt ofbeldi í ljósi réttinda barnsins“ í *Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum* (Barnaheill 1999), Ritroð Barnaheilla 4 13.

7. Niðurstöður

Farið hefur verið ítarlega yfir löggjöfina á sviði kynferðisbrota gegn börnum, bæði ákvæðin sem leggja refsingu við slíkum brotum og þær reglur sem gilda um framkvæmd og fyrirkomulag miskabótakrafna og greiðslu miskabóta. Ljóst er að kynferðisbrot gegn börnum eru til þess fallin að valda brotþola miska en miski fæst aðeins bættur að til þess sé sérstök heimild í lögum. Slíka heimild er að finna í 26. gr. skaðabótalaga.

Eins og áður hefur komið fram var markmið rannsóknarinnar að kanna fjárhæðir miskabóta og miskabótakrafna í kynferðisbrotamálum gegn börnum. Í því skyni voru dómur Hæstaréttar á 10 ára tímabili skoðaðir og niðurstöður þeirra greindar. Rannsóknin leiddi í ljós að nær undantekningarlaust eru gerðar miskabótakröfur í þessum málum og Hæstiréttur fellst nær alltaf á greiðslu bóta. Það er jákvætt að réttargæslumenn leggi í flestum tilfellum fram sérfræðigögn um afleiðingar brota í alvarlegustu málunum. Slík gögn þyrftu þó að liggja fyrir í öllum málum, óháð því hversu alvarlegt brotið er. Þegar sérfræðingar hafa metið afleiðingar brota eru miskabótakröfur þolanda hærri enda er auðveldara að rökstyðja bótakröfu þegar það liggur fyrir hvert tjónið er. Dæmdar bætur eru einnig hærri í þeim málum sem sérfræðigögn hafa verið lögð fram í enda skiljanlegt að dómari fallist á hærri bætur þegar augljóst er hvaða áhrif brot hefur haft á líf og heilsu brotþola. Með því að leggja fram sérfræðigögn í öllum málum væri hugsanlega hægt að hækka almennt bætur í þessum málaflokki en einnig hækka hlutfall dæmdra bóta af bótakröfu. Það hlutfall var frekar lágt á rannsóknartímabilinu. Refsingar í umræddum málaflokki hafa verið að þyngjast en ekki má sjá jafn greinilega hækkun dæmdra miskabóta á rannsóknartímabilinu. Hækkunin mætti því vera meiri og greinilegri í ljósi hinna alvarlegu afleiðinga sem hljótast af brotum sem þessum.

Þrátt fyrir að gerandi sé dæmdur til að greiða þolanda miskabætur er gerandinn í mörgum tilfellum ekki borgunarmaður og engin leið að innheimta bæturnar hjá honum. Til að koma í veg fyrir að brotþolar fái engar bætur voru sett lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolanda afbrota. Þannig er þolendum afbrota gefinn möguleiki á að fá dæmdar bætur greiddar úr ríkissjóði. Þó að margt gott sé að finna í þessum lögum er einnig margt sem þarf að bæta. Hækka þarf hámarks bótafjárhæð laganna og binda hana við vísitölu neysluverðs. Þá mætti einnig afnema lágmark bótafjárhæðar þannig að allir brotþolar gætu fengið bætur sínar greiddar úr ríkissjóði, sama hversu lágur þær væru. Eins og löggin eru í dag

er tiltölulega stór hópur þolenda sem getur hvergi fengið kröfur sínar greiddar þar sem gerandi getur ekki greitt þær og ríkissjóður greiðir ekki þar sem bótafjárhæðin er ekki nógu há. Hámark bótafjárhæðar laga um sanngirnibætur er töluvert hærra, eða 6.000.000 kr., og er vonandi að svo hátt hámark hafi þær afleiðingar að dæmdar bætur í umræddum málaflokki fari hækkandi í auknum mæli.

Eins og sjá má hefur margt jákvætt gerst í málum af þessu tagi en lengi má gott bæta og kerfið er langt því frá að teljast fullkomið. Að fenginni niðurstöðu þessarar rannsóknar er ljóst að margt af því sem mætti bæta snýr að starfi réttargæslumanna. Það er augljóst að lögmenn eru ekki sáttir með þóknunina fyrir réttargæslustörf og það er því hættu á að lögmönnum sem eru tilbúnir að taka þessi störf að sér fækki. Þóknunina þyrfti því að hækka enda hljóta allir að vera sammála um mikilvægi hagsmunagæslu brotþola og að henni sé sinnt af hæfum einstaklingum sem hafa metnað fyrir starfinu. Þá þarf með einhverjum ráðum að fá réttargæslumenn til að afla sérfræðigagna um afleiðingar brots í öllum tilvikum. Vonandi er ekki þörf á að lögfesta slíkt en ljóst er að vekja þarf athygli á þessu og beina leiðbeiningum til réttargæslumanna um að afla slíkra gagna. Einnig þarf, eins og fram hefur komið, að endurskoða lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Tryggja þarf að brotþolum sé í öllum tilvikum raunverulega tryggð greiðsla bóta enda ljóst að kynferðisbrot hafa alvarlegar afleiðingar á líf og heilsu þolanda.

Þrátt fyrir að þeim sem hefur orðið fyrir kynferðisofbeldi sé sjaldnast peningar efst í huga er mikilvægt að bæta brotþolum það tjón sem þeir verða fyrir. Þá er einnig mikilvægt að hafa það ferli sem skýrast og einfaldast. Nú þegar við vitum hvað það er sem þarf að bæta er vonandi að réttarkerfið sjái að sér og tryggi þessi réttindi brotþola með enn betri hætti en áður.

Viðauki

Dómar Hæstaréttar sem rannsóknin náði til:

Hrd. 21. febrúar 2002 í máli nr. 11/2001
Hrd. 28. febrúar 2002 í máli nr. 420/2001
Hrd. 14. mars 2002 í máli nr. 454/2001
Hrd. 18. apríl 2002 í máli nr. 460/2001
Hrd. 24. apríl 2002 í máli nr. 40/2002
Hrd. 16. maí 2002 í máli nr. 83/2002
Hrd. 19. september 2002 í máli nr. 169/2002
Hrd. 3. október 2002 í máli nr. 196/2002
Hrd. 30. janúar 2003 í máli nr. 359/2002
Hrd. 13. febrúar 2003 í máli nr. 394/2002
Hrd. 20. febrúar 2003 í máli nr. 410/2002
Hrd. 6. mars 2003 í máli nr. 511/2002
Hrd. 8. maí 2003 í máli nr. 4/2003
Hrd. 5. júní 2003 í máli nr. 44/2003
Hrd. 20. nóvember 2003 í máli nr. 176/2003
Hrd. 26. febrúar 2004 í máli nr. 464/2003
Hrd. 26. febrúar 2004 í máli nr. 414/2003
Hrd. 25. mars 2004 í máli nr. 463/2003
Hrd. 6. maí 2004 í máli nr. 475/2003
Hrd. 10. júní 2004 í máli nr. 448/2003
Hrd. 18. júní 2004 í máli nr. 99/2004
Hrd. 7. október 2004 í máli nr. 150/2004
Hrd. 16. desember 2004 í máli nr. 215/2004
Hrd. 21. mars 2005 í máli nr. 393/2004
Hrd. 21. mars 2005 í máli nr. 356/2004
Hrd. 26. maí 2005 í máli nr. 27/2005
Hrd. 20. október 2005 í máli nr. 148/2005
Hrd. 26. janúar 2006 í máli nr. 284/2005

Hrd. 6. apríl 2006 í máli nr. 472/2005
Hrd. 26. október 2006 í máli nr. 220/2006
Hrd. 23. nóvember 2006 í máli nr. 298/2006
Hrd. 1. febrúar 2007 í máli nr. 329/2006
Hrd. 15. febrúar 2007 í máli nr. 541/2006
Hrd. 24. maí 2007 í máli nr. 36/2007
Hrd. 1. nóvember 2007 í máli nr. 287/2007
Hrd. 13. desember 2007 í máli nr. 341/2007
Hrd. 23. apríl 2008 í máli nr. 658/2007
Hrd. 8. maí 2008 í máli nr. 82/2008
Hrd. 15. maí 2008 í máli nr. 539/2007
Hrd. 29. maí 2008 í máli nr. 173/2008
Hrd. 19. júní 2008 í máli nr. 83/2008
Hrd. 30. október 2008 í máli nr. 227/2008
Hrd. 11. desember 2008 í máli nr. 229/2008
Hrd. 22. janúar 2009 í máli nr. 527/2008
Hrd. 5. febrúar 2009 í máli nr. 258/2008
Hrd. 19. febrúar 2009 í máli nr. 569/2008
Hrd. 30. apríl 2009 í máli nr. 389/2008
Hrd. 28. maí 2009 í máli nr. 58/2009
Hrd. 4. júní 2009 í máli nr. 694/2008
Hrd. 17. september 2009 í máli nr. 19/2009
Hrd. 15. október 2009 í máli nr. 676/2008
Hrd. 22. október 2009 í máli nr. 259/2009
Hrd. 12. nóvember 2009 í máli nr. 176/2009
Hrd. 26. nóvember 2009 í máli nr. 358/2009
Hrd. 3. desember 2009 í máli nr. 12/2009
Hrd. 3. desember 2009 í máli nr. 312/2009
Hrd. 17. desember 2009 í máli nr. 54/2009
Hrd. 28. janúar 2010 í máli nr. 366/2009
Hrd. 4. mars 2010 í máli nr. 672/2009
Hrd. 6. maí 2010 í máli nr. 25/2010

Hrd. 20. maí 2010 í máli nr. 448/2009

Hrd. 27. maí 2010 í máli nr. 42/2010

Hrd. 10. júní 2010 í máli nr. 421/2009

Hrd. 16. júní 2010 í máli nr. 30/2010

Hrd. 23. september 2010 í máli nr. 196/2010

Hrd. 28. október 2010 í máli nr. 204/2010

Hrd. 3. febrúar 2011 í máli nr. 385/2010

Hrd. 7. apríl 2011 í máli nr. 570/2010

Hrd. 27. október 2011 í máli nr. 255/2011

Hrd. 19. janúar 2012 í máli nr. 562/2011

Heimildaskrá

Alþt. 1991-1992, A-deild.

Alþt. 1992-1993, A-deild.

Alþt. 1994-1995, A-deild.

Alþt. 1998-1999, A-deild.

Alþt. 2006-2007, A-deild.

Alþt. 2007-2008, A-deild.

Alþt. 2008-2009, A-deild.

Alþt. 2009-2010, A deild, þskj. 860 - 494. mál.

Arnljótur Björnsson, *Skaðabótaréttur: kennslubók fyrir byrjendur* (Hið íslenska bókmenntafélag 1988).

Atli Gíslason, og Jóhanna Katrín Magnúsdóttir, „Réttarvernd kynfrelsis“ í Pétur Kr. Hafstein o.fl. (formaður ritnefndar), *Guðrúnarbók: Afmælisrit til heiðurs Guðrúnu Erlendsdóttur 3. maí 2006* (Hið íslenska bókmenntafélag 2006).

Árni Helgason, „Úttekt á viðhorfum til málskostnaðarákvarðana dómstóla“ (2012) 18 *Lögmannablaðið*, 6.

Ása Ólafsdóttir, „Kynferðisbrot og ákvörðun miskabóta“ í Eyvindur G. Gunnarsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VII* (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands 2006).

Berglind Svavarsdóttir, „Staða brotaþola og hlutverk réttargæslumanna í ljósi reynslunnar“ (2002) 8 *Lögmannablaðið*, 12.

—, „Misræmi milli dómara“ (2012) 18 *Lögmannablaðið*, 8.

Björn L. Bergsson, „Réttargæslumenn - rukkarar?“ (2000) 6 *Lögmannablaðið*, 11.

Bréf frá umboðsmanni barna til dómsmálaráðherra (15. september 1997) í Svala Ólafsdóttir, „Heggur sá er hlífa skyldi“ (Umboðsmaður barna 1997)

Brynjar Níelsson, „Virðingarleysi gagnvart störfum lögmanna“ (2012) 18 *Lögmannablaðið*, 10.

Eiríkur Tómasson, „Réttargæslumaður brotþola“ í Pétur Kr. Hafstein o.fl. (formaður ritnefndar), *Guðrúnarbók: Afmælisrit til heiðurs Guðrúnu Erlendsdóttur 3. maí 2006* (Hið íslenska bókmenntafélag 2006).

Gerður Kristný, *Myndin af pabba: saga Thelmu* (2. útg., Vaka-Helgafell 2007).

Guðrún Jónsdóttir, *Nauðgun* (2. útg., Stígamót 2001).

Hildur Sif Haraldsdóttir, „Kynferðisbrot gegn börnum. Rannsókn á tímalengd frá broti að kæru“ (BA ritgerð Háskólinn í Reykjavík 2010).

Hjörtur O. Aðalsteinsson, „Hugleiðingar um kynferðisbrot í ljósi lagabreytinga og nýlegra dóma.“ (1994) 44 Tímarit lögfræðinga, 112.

—, „Miskabætur fyrir kynferðisbrot gegn börnum“ í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (Háskólaútgáfan 2011).

Hrefna Friðriksdóttir, „Kynferðislegt ofbeldi í ljósi réttinda barnsins“ í *Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum* (Barnaheill 1999).

Jón Þór Ólason, „Dómstóll götunnar - gapastokkur nútímans“ (2004) 57 Úlfliótur, 343.

Jónatan Þórmundsson, „Um kynferðisbrot“ í *Skýrsla nauðgunarmálanefndar* (Dómsmálaráðuneytið 1989).

Kolbrún Sævarsdóttir, „Réttarstaða brotþola“ í Jóhann Haukur Hafstein (ritstj.), *Bifröst: rit lagadeildar Háskólans á Bifröst* (Háskólinn á Bifröst 2006).

Kristján B. Thorlacius, „Ríkið sjálft með mun hærra tímagjald“ (2012) 18 Lögmannablaðið, 8.

Mörður Árnason, „Íslensk orðabók : M-Ö“ (Edda 2002).

Ólafur Jóhannesson, „Fjártjón og miski“ (1947) 1 Úlfliótur, 3.

Ólöf Ásta Farestveit, og Þorbjörg Sveinsdóttir, *Verndum þau. Hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglíngum* (Mál og menning 2006).

Páll Sigurðsson o.fl., *Lögfræðiorðabók: með skýringum* (Codex 2008).

Ragnheiður Bragadóttir, „Ákvæði 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um sífjaspell“ í Garðar Gíslason o.fl. (formaður ritnefndar), *Lindæla* (Hið íslenska bókmenntafélag 2001).

—, *Kynferðisbrot* (Viðar Már Matthíasson (ritstj.), Lagastofnun Háskóla Íslands 2006).

—, *Kynferðisbrot: dómabók* (Codex 2009).

—, „Refsingar fyrir kynferðisbrot gegn börnum“ í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Hinn launhelgi glæpur: kynferðisbrot gegn börnum* (Háskólaútgáfan 2011).

Sigrún Sigurðardóttir, og Sigríður Halldórsdóttir, „Þögn þjáning: Samanburður á áhrifum kynferðisofbeldis í bernsku á heilsufar og líðan íslenskra karla og kvenna“ í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Hinn launhelgi glæpur: kynferðisbrot gegn börnum* (Háskólaútgáfan 2011).

Sigurður Línadal, *Um lög og lögfræði: grundvöllur laga - réttarheimildir* (2. útg., Hið íslenska bókmenntafélag 2007).

Svala Ísfeld Ólafsdóttir, „Fyrning kynferðisbrota gegn börnum“ (2007) 3 Stjórnsmál og stjórnslá, 117.

—, *Auðgínt er barn í bernsku sinni: afnám fyrningar alvarlegra kynferðisbrota gegn börnum* (Háskólaútgáfan 2009).

—, „Refsiákvæði sem varða kynferðisbrot gegn börnum“ í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Hinn launhelgi glæpur: kynferðisbrot gegn börnum* (Háskólaútgáfan 2011).

Sæunn Kjartansdóttir, „Við vissum það ekki þá en við vitum það núna. Um áhrif fyrstu áranna á börn og fullorðna“ í Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir, og Vilhjálmur Árnason (ritstj.), *Velferð barna, gildismat og ábyrgð samfélags* (Háskólaútgáfan 2010).

—, „Gleymt en geymt“ í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (Háskólaútgáfan 2011).

Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Codex 2005).